

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

MAÍ 2007



5. tbl. 14. árg.



- Viðtalið
bls. 4

Byggt við FB á þessu ári

Rættast mun úr húsnæðisvanda Fjölbautaskólans í Breiðholti innan tíðar því samkomulag hefur náðst milli menntamálaráðherra og Reykjavíkurborgar um byggingu 2000 fermetra við-

byggingar við skólann. FB hefur búið við mikinn húsnæðisvanda að undanförunu og mun væntanleg nýbygging gerbreyta allri aðstöðu nemenda og kennara.

Fjölbautaskólinn í Breiðholti

er í U-laga byggingu og eru vængir hennar mislangir. Ætlunin er að byggja við styttri vænginn og einnig byggingu, sem verða mun að hluta úr gleri og gert er ráð fyrir að hýsa muni matsal skólans sem

nú er við ólullnægjandi aðstæður. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við hina nýju viðbyggingu við FB geti hafist á þessu ári og mun hin bætta húsnæðisaðstaða verða mikil lyftistöng fyrir skólastarfið.



Pylsa og kók í stað sígarettu

Krakkarnir í 7. bekk HJ í Ölduselsskóla buðu vegfarendum pylsu og kók í göngugötu verslunarmiðstöðvarinnar í Mjóddinni á dögnum í skiptum fyrir minnst fimm sígarettur. Var þetta gert í tengslum við samkeppni Lyðheilsustöðvar um reyklausa bekkir í grunnskólum. Stúlkurnar heita talið frá vinstri: Sonja, Sigríður, Jóna Valdís, Sara Glóð, Lís Rán og Dagný.

Apótekið í Hólagarði er opið:

mán-föst: 10-18, laugardaga: 10-14



lægra verð

Grafarvogi • Hólagarði • Hagkaup Skeifunnar • Hagkaup Akureyrri

Borgarnesgrillkjöt

30% afsláttur



Þín verslun

SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788



gæði
úrval
þjónusta

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík

Sími: 511 1188 • 561 1594

Fax: 561 1594

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson, Sími 551 1519, 893 5904

Netfang: thord@itn.is

Auglýsingasími: 511 1188 • 561 1594 • 895 8298

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Prentsmiðja Morgunblaðsins

Dreifing: Íslandspóstur

5. tbl. 14. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift fritt í öll hús í Breiðholti



Tilboðsstjórnsmál

Tilboðsstjórnsmál hafa einkennt kosningabaráttuna sem nú er að enda. Stjórnsmálaflokkarnir tóku þá kosti að spyrja kjósendur um vilja þeirra og hófu síðan að laga boðskap sinn eftir þeim vilja - næstum frá einum degi til annars. Einkum á þetta við um ríkisstjórnarflokkana en Samfylkingin hefur einnig tileinkað sér þessa tegund stjórnsmála og jafnvel Vinstri grænir og Frjálslyndir fóru inn á þessa braut undir lokin. Kemur þetta glöggst fram í því hvernig samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu og málefni aldraðra hafa skyggt á hefðbundnari þingkosningamál. Nærmálefni sem hingað til hafa fremur einkennt sveitarstjórnarkosningar urðu að aðalmálunum í aðdraganda þingkosninganna af því að kjósendur hafa áhuga á þeim fremur en stefnum flokkanna. Eftir því sem tilboðsstjórnsmálin fengu meira vægi í kosningabaráttunni mildaðist yfirbragð hennar. Sú undiralda sem virtist vera til staðar í upphafi brotnaði smám saman við fjórusand tilboðanna. Þrátt fyrir einstaka upphlaup vildu flestir vera vinir.

Vaxandi bílaumferð á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni þess kallar á aðgerðir í samgöngumálum. Þau ganga þvert á flokkspólitík því fólk hugsar fremur um að komast leiðar sinnar í umferðinni en um hægri, miðju og vinstri í stjórnsmálum eins og það er stundum kallað. Á sama hátt verður fólki hugsað til rosinna og aldurnhginna ættmenna og hvað um þau verði án þess að tengja það hugtökum stjórnsmála á borð við sjálfstæði, framsókn, frjálslyndi, alþýðu eða grænku. Þessi hugtök ráða ekki úrslitun þegar hugurinn hvarflar að pabba og mömmu eða afa og ömmu og um hvort þau fái að deila ellinni saman eða hvort þau verði flutt hreppaflutningum um borg og byggð eftir að geta til eigin ummönnum er horfin. Málefni eldra fólks hafa orðið að tilboðsstjórnsmálum flokkanna líkt og samgöngumálin.

Umhverfisumræðan hefur verið að breytast. Öll framboð hafa tekið umhverfismálin með einhverjum hætti á dagskrá, spurt kjósendur, hlustað eftir sjónarmiðum þeirra og umræðan borist á dreif. Spurningin er fremur orðin um aðferðir við að umgangast náttúruna, nýta hana og vernda í stað þeirrar öfgakenndu og svarthvítu umræðu sem einkenndi þennan málaflokk um tíma þegar sjónarmiðin snérust um allt eða ekkert.

Forysta Sjálfstæðisflokksins hefur varist flokkunum til vinstri með því að færa sig lengra inn á miðjuna og Framsóknarflokkurinn virðist að einhverju leyti vera að renna inni í Sjálfstæðisflokkinn. Vera má að kjósendur sjái ekki svo mikinn mun á þeim eftir langvarandi stjórnarsamstarf og telji Framsóknar- og Sjálfstæðismenn best komna í einum flokki. Sú staðreynd gæti haft áhrif á hug framsóknarmanna til stjórnarþátttöku að kosningum loknum.

Miðað við niðurstöður skoðanakannanna virðist engir möguleikar á tveggja flokka stjórn án þátttöku Sjálfstæðisflokksins. Því gætu gamlar væringar sjálfstæðis og krata þurft að víkja. Geir og Ingibjörg gætu átt eftir að taka sér ferð með Viðeyjarbátum líkt og fyrirrennararnir forðum og innsigla ríkisstjórn tilboðsstjórnsmálanna í fjóruborðinu. Nýsköpunarstjórn sjálfstæðis og grænna er þó einnig hugsanlegur möguleiki þótt hæn verði að teljast fjarlægari en endurreisn víðreisnar- og Viðeyjarstjórna. Vinstri grænir myndu líka standa áframhaldandi stjórnarandstöðu betur af sér en Samfylkingin enda er sá flokkur um margt hannaður sem samviska og svipa. Þá er hugsanlegt að núverandi stjórnarflokkar haldi meirihluta en ólíklegt að þeir myndi stjórna á ný án þess að vægi stærri flokksins verði aukið á kostnað þess minni í takt við atkvæðatölur. Spurning er einnig um hvort forysta Framsóknarflokksins kjósi áframhaldandi stjórnarþátttöku fari eftirtekjan eftir efni skoðanakannanna.

Kosningarnar munu snúast um hvort Sjálfstæðisflokkurinn leiði næstu ríkisstjórn líkt og hann hefur gert undanfarin 16 ár hver sem samstarfsaðili hans verður. Nokkuð virðist skorta á að Samfylking og Vinstri grænir nái saman meirihluta og hjálparhjóla undir slíka stjórn eru tæpast í auglýsni. Þriggja flokka ríkisstjórn er þó hugsanlega tæknilegur kostur en verður að teljast nokkuð fjarlægur verði úrslit kosninga á svipaðan veg og niðurstöður skoðanakannanna gefa til kynna. Hvaða flokkar sem koma munu saman í næstu ríkisstjórn er líklegt að yfirbragð hennar muni bera keim af þeim tilboðsstjórnsmálum sem flokkarnir viðhöfðu í kosningabaráttunni.

S T U T A R B O R G A R F R É T T I R

Bílaflotinn mengar mest

Útstreymi gróðurhúsalofttegunda hefur aukist um 30% í Reykjavík og hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa hefur minnkað um 27% á þessari öld. Er þetta einkum rakið til vaxandi brennslu jarðefnaeldsneytis sem orkugjafi bíla. Þetta kemur fram í fjórðu skýrslu umhverfissviðs Reykjavíkurborgar um umhverfissviða borgarinnar sem Hjalti J. Guðmundsson hefur unnið. Losun frá fólksbílum í Reykjavík hefur aukist um tæp 30% á tímabilinu frá 1999 til og með 2005. Á sama tímabili hefur útblástur koltvísýrings frá strætisvögnum í Reykjavík minnkað um tæp 13%. Sé útblástur fólksbíla og strætisvagna lagður saman er aukningin í útblæstri rúm 27% á tímabilinu. Hlutfall óendurnýjanlegra og endurnýjanlegra orkuauðlinda fer stöðugt hnignandi hin síðari ár samkvæmt því sem fram kemur í skýrslunni og er bein afleiðing aukningar á brennslu jarðefnaeldsneytis. Hjalti segir að hlutfall endurnýjanlegra orkuauðlinda til framleiðslu á orkuþörf borgarbúa hafi verið 57,3% árið 2005 en hafi verið 62,7% árið 2002 og bendir á að þetta sé töluverð breyting frá árinu 1996 þegar þetta hlutfall var 72,6% á móti 27,4%. Í skýrslu Hjalta kemur fram að aðrir umhverfisvísar séu í jafnvægi eða sýna jákvæða þróun. Saurgerlamengun í sjó hafi minnkað verulega á undanföllum árum samfara aukinni hreinsun skólps á höfuðborgarsvæðinu og ástand á drykkjarvatni sé mjög gott í Reykjavík.

Áslaug hlaut barnabókaverðlaunin

Áslaug Jónsdóttir hlaut barnabókaverðlaun menntaráðs Reykjavíkurborgar annað árið í röð fyrir bókina Stór skrímsli gráta ekki sem hún samdi og myndskreytti ásamt Svianum Kalle Güettler og Rakel Helmsdal frá Færeyjum. Áslaug fékk einnig barnabókaverðlaun menntaráðs í fyrra fyrir bókina Gott kvöld. Verðlaun fyrir bestu þýðingu barnabókar 2007 fékk Rúnar Helgi Vignisson, rithöfundur fyrir Sólvaeng eftir kanadíska rithöfundinn Kenneth Oppel en Barnabókaverðlaunin voru afhent við hátíðlega athöfn í Höfða síðasta vetrardag að viðstöddum fjölmörgum gestum. Þetta er í 35. sinn að yfirvöld menntamála í Reykjavík verðlauna rithöfunda og þýðendur barnabóka fyrir afburða góðar bækur í þeim tilgangi að vekja athygli á mikilvægi góðra bókmennta í uppeldisstarfi. Úthlutunarnefnd var að þessu sinni skipuð Guðrúnu Pálinu Ólafsdóttur formanni, Sigrúnu Elsu Smáráðsdóttur og Lilju Margréti Möller.

Byggt við Sléttuveg

Skipulagsráði Reykjavíkur hefur samþykkt byggð um 330 íbúða fyrir námsmenn og eldri borgara, auk sérbyla neðan Sléttuvegar í Reykjavík. Hið nýja hverfi verður lágreist og látið falla að annarri byggð í nágrenninu. Auk íbúðanna er gert ráð fyrir að reist verði hjúkrunarheimili með um 90 rýmum auk þjónustumiðstöðvar fyrir hverfið með innisundlaug og sambýli fyrir fatlaða. Svæðið sem um er að ræða er á milli Kringlumýrarbrautar og Borgarspítalans í Fossvogi en þetta svæði hefur verið skilgreind sem stofnanalóð fram að

þessu. Eftir að ákvörðun um framtidar uppbyggingu Landspítala - háskólasjúkrahúss við Hringbraut var ákveðið að nýta svæðið fyrir íbúðabyggð. Félag eldri borgara og Hrafnista starfa m.a. með borginni að uppbyggingu á svæðinu.

Kolbrún í Bílastæðasjóð

Kolbrún Jónatansdóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs tímabundið frá 1. apríl. Kolbrún hóf störf hjá Bílastæðasjóði fyrir um tveimur árum sem rekstrarstjóri og staðgengill framkvæmdastjóra. Hún er viðskiptafræðingur að mennt og starfaði áður sem sviðsstjóri fjármála-sviðs á Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra á Reykjanesi.

Gegndi lykilhlutverki

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri sagði að Ellý Katrín Guðmundsdóttir hefði gegnt lykilhlutverki í framgangi umhverfismála hjá Reykjavíkurborg hvað varðar stefnumörkun og framkvæmd, hugsun og hátterni í kveðjuhófi sem hann hélt henni til heiðurs í Höfða er hún lét af störfum sem sviðsstýra Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar.

Ellý Katrín hefur nú tekið við forstjórarstarfi Umhverfisstofnunar en stýrði umhverfissviði og áður Umhverfis- og heilbrigðisstofu Reykjavíkur í fimm ár. Gísli Marteinn Baldursson formaður umhverfisráðs, Steinunn Valdis Óskarsdóttir fyrrv. borgarstjóri, Árni Þór Sigurðsson fyrrv. formaður umhverfisráðs og Kristbjörg Stephensen skrifstofustjóri tóku einnig til máls í Höfða og þökkðu Ellý fyrir gott og gjöfult samstarf.

Um 50 milljónir til LR

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri og Inga Jóna Þórðardóttir, formaður stjórnar Borgarleikhússins, undirrituðu á dögunum samning, sem kveður á um tæplega 50 milljón króna framlag Reykjavíkurborgar til menningarstarfs Leikfélags Reykjavíkur. Um er að ræða 7% aukningu á framlagi borgarinnar og nær samningurinn til þriggja ára. Borgarstjóri sagði við þetta tækifæri afar mikilvægt að styðja við það metnaðarfulla starf sem fram færi í leikhúsinu og að þar væri mikil gróska. Hann sagði aukninguna á framlagi borgarinnar vera viðurkenningu á því starfi.

Verkefnisstjórn um málefni innflytjenda

Sérstök verkefnastjórn hefur verið sett á stofn hjá borginni um málefni innflytjenda á grundvelli 8. greinar mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem samþykkt

var á síðastliðnu vori.

Vinna er þegar hafin í þessum efnum en í ljósi mikillar umræðu í þjóðfélaginu um innflytjendamál var talið rétt að heyra hin ýmsu sjónarmið ekki síst frá innflytjendum sjálfum. Mannréttindanefnd Reykjavíkurborgar og skrifstofa borgarstjórnar í Reykjavík boðuðu því til ráðstefnu mánudaginn um málefni innflytjenda í Reykjavík 16. apríl sl. Ráðstefnan markar upphaf vinnu verkefnisstjórnarinnar við fá heildarsýn á stöðu mála og hvað megi gera til þess að þjónusta borgarinnar við innflytjendur verði heildstæðari og markvissari.

Grænir skóladagar

Menntaráð Reykjavíkur samþykkti á fundi sínum 19. febrúar sl. að efna til tveggja umhverfis-daga í grunnskólum borgarinnar og að þeir yrðu skilgreindir sem grænir dagar á skóladagatali. Sá fyrri yrði að vori og yrði helgaður nánasta umhverfi skólans, en sá seinni að hausti, helgaður umhverfisfræðslu.

Fyrsti græni skóladagurinn var haldinn fyrir nokkru í nokkurn grunnskólum borgarinnar þar sem nemendur fá að taka til hendinni við að fegra og bæta umhverfi sitt. Markmið grænna daga er að efla umhverfissvitund nemenda og hvetja þá til að huga betur að umhverfi sínu og bættri umgengni almennt.

Hreinsa “hringveginn og 50 fótoltavelli”

Framkvæmdasvið Reykjavíkurborgar hefur gengið frá samningum um hreinsun gatna í Reykjavík við tvö verktakafyrirtæki, Hreinsitækni og Íslenska gámafélagið í framhaldi af útbóði. Samningarnir eru til þriggja ára og samningsupphæðin rúmar 724 milljónir króna eða 241 milljónir sem greitt er árlega fyrir þessa þjónustu.

Fram kemur á heimasíðu framkvæmdasviðs, að hreinsun borgarinnar hafi farið stigvaxandi undanfarin ár og á síðasta ári verið ákveðið að fara út í ítarlega endurskoðun á framkvæmd gatnahreinsunar og voru útboðslýsingar unnar í framhaldi af þeirri vinnu. Ákveðið var að skipta borginni upp í fimm svæði og bjóða verkið út í tvennu lagi. Annars vegar var boðið út svæði eitt og tvö sem eru vestan Kringlumýrarbrautar og þar var Íslenska gámafélagið hlutskarpast og hins vegar svæði þrjú til fimm sem liggja austan Kringlumýrarbrautar og þar var samið við Hreinsitækni ehf. Saman munu þessi fyrirtæki hreinsa götur og göngustíga sem eru 1185 kílómetrar að lengd, sem nálgast lengd hringvegarins og stofnanalóðir og bílastæði sem eru 328.000 fermetrar sem samsvarar um 50 fótoltavöllum.



Þegar öllu er á botninn hvolft er

traust efnahagsstjórn

stærsta velferðarmálið

Nýir tímar - á traustum grunni



SJÁLFTÆÐISFLOKKURINN

VIÐTALIÐ

Krakkarnir héldu í okkur

Marinó Finnbogason er Vestfirðingur. Fæddur á Hóli í Ketildalahreppi 5. apríl 1931. Foreldrar hans voru Finnbogi Jónsson og Sigríður Gísladóttir og þar ólst hann upp til 15 ára aldurs þá fluttu foreldrar hans til Bíldudals. Kona Marinós er einnig að vestan. Hún heitir Jóna Guðmundsdóttir og er frá Dynjanda í Arnarfirði. Foreldrar hennar voru Guðmundur Jóhannsson og Guðrún Guðjónsdóttir, sem voru síðustu ábúendur að Dynjanda. Marinó og Jóna stofnuðu til heimilis á Bíldudal og þar fæddust fyrstu tvö börn þeirra. Hann stundaði almenn störf þó einkum sjómennsku fyrir vestan en faðir hans hafði verið útvegsbóndi og hann því kynnst sjónum snemma. Marinó gerði sjómennskuna þó ekki að ævistarfi. Atvikin höguðu því þannig til að fjölskyldan fluttist til Reykjavíkur árið 1961 og í Breiðholtið 10 árum síðar.

Atvinnulífið ekki nógu tryggt

Marinó segir að sér hafi ekki litist á að vera til frambúðar fyrir vestan. Atvinnulífið hafi ekki verið nægilega tryggt. “Ég var á rækjubát undir það síðasta. Við lentum í kaupdeilum við útgerðina og ég ákvað að koma mér í burt. Rækjuútgerðin var alltaf sveiflukennd. Maður gat haft roktækjur um tíma og svo ekki neitt á milli. Raunverulega var ekki hægt að byggja afkomu sína á þessu til lengdar vegna þess hversu sveiflukennd rækjuveiðin var og ótrygg. Við fluttum því suður. Fyrst í Njörvasundið þar sem við bjuggum í áratug og síðan í Vesturbergið. Íbúðin okkar var fyrsta íbúðin sem Einhamar afhenti og síðan erum við búin að búa í Vesturberginu. Ég íhugaði nokkuð að taka sjómennskuna upp hér syðra en hvarf fljótlega frá því eftir að mér bauðst starf á húsgagnaverkstæði þar sem ég starfaði fyrstu 10 árin. Konan fór fljótlega að vinna í miðasölunni í Þjóðleikhúsinu þar sem hún vann í 17 ár. Ég fór síðar til starfa hjá Guðmundir Þengillssyni, múrarmeistara og átti að heita verkstjóri við byggingaframkvæmdir sem hann stóð fyrir. Á þeim tíma byggðum við mikið í Breiðholtinu. Við byggðum Vesturberg 78, Gauks-hóla 2 og Krummahóla 2. Þannig að maður er því búinn að kynnst mörgu fólki hér efra í gegnum tíðina. Eftir að ég hætti hjá Guðmundi vann ég eitt ár við Þangbakkablokkina í Mjóddinni sem þá var verið að byggja og var lengi kölluð “Húsið á Sléttunni” vegna þess að hún stóð svo lengi ein og nokkuð frá öðrum byggingum. En eftir það lá leiðin aftur upp í Efra Breiðholtið og ég fór að starfa við Breiðholtslaugina. Ég byrjaði þar 1. desember 1980. Fyrsta mánuðinn starfaði ég sem næturvörður en þá var ekki búið að opna laugina sem var gert 17. janúar 1981.” Marinó segir margt hafa breyst í Breiðholtslauginni á þeim tíma sem hann starfaði þar. “Í fyrstu var bara um stóru laugina að ræða auk kennslulaugarinnar og pottanna en síðan var byggð minni laug með rennibraut sem margir hafa gaman af og dásama. Og þarna var ég alveg þangað til að ég hætti að vinna eða í um tvo áratugi.”

Meira en tvær gufur

Marinó er trúlega þekktastur fyrir starf sitt í Breiðholtslauginni þar sem hann kveðst hafa kynnst mörgu góðu fólki í gegnum árin. “Það var ákaflega breiður hópur fólks sem sótti Breiðholtslaugina - allt frá ungum börnum og upp úr og fyrir mörgum er laugin alveg fastur staður í tilverunni. Sama fólkið mætir á sama tíma dag eftir dag og ár eftir ár hvort það kemur til þess að synda eða að njóta heitu pottanna og mannlífsins.

Umræðurnar í pottunum voru oft skemmtilegar og þar kenndi margra sjónarmiða enda margbrotið fólk sem hefur stundað pottmennskuna í gegnum árin. Einhver eftirminnilegasti sundlaugargesturinn var doktor Gunnlaugur Þórðarson. Hann kom oft uppeftir. Stundum tvisvar á dag. Hann sýndi okkur líka ákveðna ræktarsemi sem m.a. kom fram í því að hann færði öllu starfsfólki sundlaugarinnar jólagjafir sem alltaf voru þær sömu - kerti og spil. Valið var auðvitað táknrænt en það lýsti honum líka vel. Gunnlaugur gat verið fljótfer og nokkur gangur á honum á köflum en eftir að maður kynntist honum betur komast maður að því að hann hafði indælis mann að geyma. Annar þekktur og athyglisverður maður varð ágætur kunningi minn á þessum árum. Hann bjó síðari ár sín í Breiðholtinu og kom oft í Breiðholtslaugina. Þetta var Steingrímur St. Th. Sigurðsson, listmálari og var mjög eftirminnilegur öllum sem kynntust honum. Séra Emil Björnsson, sem lengi var fréttastjóri hjá Ríkissjónvarpinu, var líka tíður gestur í Breiðholtslauginni. Eftirminnilegur og gull af manni. Magnús L. Sveinsson, fyrrum borgarfulltrúi kom oft í Breiðholtslaugina. Okkur varð vel til vana og ég leitaði stundum til hans ef ég þurfti einhvers við. Eiður Guðnason kom oft og Halldór Ásgrímsson svo ég haldi áfram að rifja upp eftirminnilega fastagesti úr lauginni. Nú og Steingrímur J. Sigfússon lét sig ekki vanta. Stjórnmalamennirnir vöndu komur sínar til okkar ekkert síður en aðrir.” Marinó segir að stundum hafi pólitíkin verið rædd og oftast í góðu. Einn náungi sem vanið hafi komur sínar í Breiðholtslaugina hafi þó stundað það að senda ýmis skot einkum á stjórnmalamennina. Ég man að hann ræðst einhverju sinni að Halldóri Ásgrímssyni og spurði hann hvort hann hefði ekkert þarfara að gera en að þvælast í sundi en þá stóðu stjórnarmyndunarviðræður yfir. Halldór þagði í fyrstu, stóð síðan upp, vafði handklæðinu um sig, snéri sér í hálfhring og sagði að stjórnmalamenn yrðu líka að þvo sér. Hann sagði ekkert annað en það varð fátt um svör hjá þeim sem sent hafði skotið. Mér er einnig minnisstætt að einhverju sinni var Halldór að fara út úr gufunni en Eiður að koma inn. Þá áttu Framsóknarflokkurinn og gamli Alpýðuflokkurinn í viðræðum um stjórnarmyndun og Eiður sagði við Halldór hvort hann vildi ekki koma inn aftur og þeir mynduðu ríkisstjórnina í gufunni. Halldór snéri sér þá í hálfhring eins og hann gerði oft og svaraði því til að hann héldi að Framsókn þyrfti meira en tvær gufur. Þetta voru allt ágætis menn hver á sína vísu og raunar hef ég ekki annað en góð kynni af sundlaugargestum í þá tvo áratugi sem ég var við Breiðholtslaugina. Sama má segja um samstarfsfólk mitt þennan tíma og ég vil nota tækifærið og þakka öllum þau ánægjulegu samskipti sem ég átti þarna við mikinn fjölda fólks - samstarfsfólks og sundlaugargesti.”

Krakkarnir héldu í okkur

Marinó segir að Breiðholtið hafi í fyrstu ekki átt að verða annað en stökkpallur. Ætlunin hafi ekki verið að ílengjast þar til frambúðar. Árin þar séu þó orðin 36 ár. “Ég held að krakkarnir hafi fyrst og fremst haldið í okkur til að byrja með. Þau voru komin í skóla í hverfinu og áttu þar sína vini og kunningja og vildu ekki fara í burtu. Ég var einnig farinn að fást aðeins við félagsmál og var einn af þeim sem komu að stofnun íþróttafélagsins Leiknis í Efra Breiðholti. Það félag var stofnað í kaffiskúr frá Breiðholti, sem var byggingafélag og starfandi á þessum tíma. Ég var síðan viðriðinn knattspyrnudeildina hjá Leikni í nokkur ár.” Marinó segist



Marinó Finnbogason staddur á lóðinni á bak við Gerðuberg þar sem hugmyndir eru nú um að byggja þjónustuíbúðir fyrir eldri borgara.

verða að koma því að í þessu spjalli að hverfið hafi stundum verið talið órólegt og talað hafi verið um villingana í Breiðholtinu. Þetta sé ekki rétt og hann kveðst aldrei hafa orðið fyrir ónæði af hálfu borga eða unglinga í öll þessi ár. Hann kveðst einu sinni hafa heyrt af rúðubroti í Fella-skóla sem löngum hafi verið mjög fjölmennur. “Annað sem mér finnst full ástæða til að koma á framfæri er að allan tímann sem ég starfaði hjá sundlauginni þá var ég aldrei var við að krakkarnir hentu neinum ónotum að fólki frá öðrum löndum og nýbúum sem nýttu sér laugina. Mér fannst mörg þeirra frekar sækjast eftir félagsskap þess en að forðast það. Ég hef einnig átt fólk af erlendum uppruna að nágrönnum í gegnum árin og ég hef ekkert annað en allt gott um þessa nágranna mína að segja. Mér finnst eftirtektarvert hvað margt af þessu fólki er hugsunarsamt um sjálft sig og vill forðast allan átroðning við aðra.” Marinó talar stundum um “kennarafjölskylduna” þegar fjölskyldu hans ber á góma þótt hann hafi sjálfur fengist við annað í lífinu. “Dóttir okkar og tengdadóttir eru kennarar og dótturdóttir okkar einnig orðinn kennari auk þess sem eiginmaður hennar er tónlistarkennari þannig að börnin mín og barnabörn hafa mikil samskipti við æskuna í gegnum störf sín.”

Fyrsta leikrit Kambans

En aftur vestur. Marinó kveðst eiga margar og góðar minningar að vestan. “Maður fann ekki fyrir því að erfitt væri að alast upp þar þótt margt væri með öðrum hætti en fólk á að venjast hér í þéttbýlinu í dag. Vorið kom með sól og sumarið með hita síðan haustið með rigningum og veturinn með snjó. Þannig tók hver árstíðin við af annarri. Hver árstíð var með sínu veðurfari og einkennum í mannlífinu. Árstíðaskiptin voru mun gleggri bæði frá náttúrunnar hendi og í mannlífinu en gerist hér þar sem hver dagur líkist öðrum hver sem árstíðin er.” Marinó segir að þrátt fyrir einangraðar byggðir og fámenni hafi verið mikið félagslíf og mannlífið að mörgu leyti fjölbreytt. “Þegar ég var að alast upp voru tvö ungmennafélög í sveitinni og búnaðarfélag og samskipti fólks voru mikil. Það vill svo til að Ungmennafélagið Morgunn var stofnað sama ára og ég

fæddist og ég á fyrstu fundargerðarbókina frá félaginu sem er mjög góð heimild um mannlífið eins og það var.” Marinó nefnir þekktu menn að vestan. Guðmundur Kamban, skáld sem var frá Bakka í Bakkadal og segir Marinó að þar hafi hann skrifaði sitt fyrsta leikrit. “Menn vissu lengi vel ekkert um að það væri til og Jón Viðar Jónsson, leikhúsfræðingur hafði ekki heyrt af því fyrr en að ég fór að segja honum af tilvist þess. Leikritið var hins vegar sett á svið í gömlum beitingaskúr eða verbúð.” Marinó segir að nýlega hafi komið út bók eftir séra Sigurjón Einarsson, sem lengi var prestur á Kirkjubæjarklaustri, um mannlífið fyrir vestan en hann hóf sinn prestskap á Brjáns-læk á Barðaströnd. “Hann ólst upp fyrir vestan og þekkti því mjög vel til og gat því fært mannlífsfrásagnir í letur þótt hann starfaði lengi í öðrum landshluta. Þessar frásagnir eru ómetanlegar þeim sem vilja fræðast um hvernig þetta mannlíf var sem orðið er nokkuð framandi flestu ungu fólki í dag.”

Kartöflukóngurinn fyrir vestan

Marinó ólst upp bæði við sveitastörf og sjómennsku en einnig garðrækt sem var alger nýjung í sveitum vestra á þeim árum. “Faðir minn var á undan sinni samtíð um ýmsa hluti. Hann var til dæmis kallaður kartöflukóngur vegna þess hversu mikinn áhuga hann hafði á ýmis konar ræktun. Hann lét hafa eftir sér í grein í búnaðarritinu Frey að fleira væri matur en feitt kjöt og hann stundaði bæði garðrækt eins og sést af nafnbótinni, sem sveitungarnir gáfu honum og hann ræktaði einnig matjurtir. Ég komst yfir þessa grein hans, sem var birt 1936 og þar kom vel í ljós hvað hann var langt á undan sinni samtíð að þessu leyti þegar Íslendingar þekktu tæpast grænmeti og áttu lítið sem ekkert af því. Hann var að vekja athygli á þessu með greininni og hvetja fólk til þess að kynna sér matjurtaræktun og nýta sér hana til fæðuöflunar. Nú - pabbi stundaði líka sjóinn eins og títt var um bændur á þessum slóðum. Hann var einskonar útvegsbóndi eins og það var kallað og þar byrjaði mín sjómennska svona þegar ég fór að geta staðið í lappirnar. Það var röið bæði haust og vor. Fiskimiðin voru rétt undan flæðarmálinu. Kúfiskur-

inn var plægður í beitu og stórborskurinn var þar fyrir utan.” Marinó stundaði aldrei búskap sjálfur en aðstoðaði tengdforeldra sína við búumsýslu á meðan hann var fyrir vestan. Hann kvaðst heldur aldrei hafa átt skepnur sjálfur. “Ég hefði trúlega átt erfitt með að farga þeim þótt ég aðstoðaði föður minn í sláturhúsi á sínum tíma,” eins og hann komst að orði. “Nei - það lá fyrir mér að fara á sjóinn enda byrjaði ég alvöru sjósókn um 15 ára aldur strax eftir að við fluttum út á Bíldudal.”

Fann fornmannasverðið í Hringisdal

Talið berst að öðru að vestan. Marinó var þá fluttur til Bíldudals en var eitt sinn sem oftár á ferð á heimaslóðum og var annar af tveimur sem fundu fornmannasverð í Hringisdal í Arnarfirði. Sverðið fór á Þjóðminjasafnið en lengi hefur verið vítað um mannvistarleifar í Arnarfirði og á liðnu sumri fannst kuml í Hringisdal eins og kunnugt er af fréttum. Marinó segir víst að meira sé af minjum um fornar byggðir allt frá landsnámsöld á þessum slóðum. Hann segir að gamalt hóf eigi að vera í túninu á Hóli þaðan sem hann er ættaður og sá blettur hafi verið friðlýstur svo lengi sem hann muni. Þetta hafi hins vegar ekki verið skoðað neitt frekar enn sem komið er. Hins vegar þurfi að grafa þarna til þess að komast að því hvað raunverulega sé undir grasrótinni. Mannabein hafi komið upp þegar grafið hafi verið fyrir kartöflugeymslu á einum bæ í sveitinni á sínum tíma en það hafi ekki verið skoðað neitt frekar. Marinó segir þessar mannvistarleifar til vitnis um að umtalsverð byggð hafi verið þarna á fyrstu árum Íslandssögunnar og ýmis örnefni eigi sér stoð í landnámsbyggðum.

Bara einn Agnar

Eftir að við hættum að vinna höfum við nýtt tímann vel til þess að ferðast. Við höfðum ferðast nokkuð með Ferðafélaginu á sínum tíma og vorum líka mikið í útilegum með krakkana þegar þau voru minni. “Við vorum því búin að þvælast áfram og aftur og bak um landið og skoða okkur víða um. Við erum einnig búin að fara víða erlendis einkum á seinni árunum. Bæði til Bandaríkjanna og Kanada og einnig um Evrópu. Sonur okkar var um tíma við nám í Bandaríkjunum og þá fórum við víða um með honum. Við fórum að mig minnir um 1300 mílna vegalengd og komum til ýmissa staða. Ögleymanlegast af því öllu er trúlega að aka inn í Las Vegas um nótt í allri ljósadýrðinni. Við ferðuðumst líka mikið með Agnari Guðnasyni sem var með bændaferðirnar. Flestar þessar ferðir eru ögleymanlegar en ferðirnar sem við fórum með börnunum eru ögleymanlegastar. Annars voru ferðirnar með Agnari mjög skemmtilegar, sérstaklega þegar hann var sjálfur með sem fararstjóri en hann hafði líka mjög góða fararstjóra á sínum snærum og ég minnst Margrétar Gunnarsdóttur sérstaklega í því sambandi. Agnar er einstakur að mörgu leyti. Hann var svo léttur og kátur og hafði gott lag á að halda hópunum saman. Hann var líka góður sögumaður. Sagði skemmtilega frá og tókst jafnan að halda léttleikanum og gamanseminni. Við fórum með honum til Prag og Vínarborgar og vorum líka við Gardavatnið á Ítalíu. Þótt við séum búin að fara nokkuð víða bæði með fjölskyldunni og hópum þá varð ég að geta aðeins um Agnar og Bændaferðir því mér finnst hann standa upp úr þeim fararstjórum og ferðafélögum sem ég hef kynnst án þess þó að ég sá að lasta nokkurn. Það verður bara einn Agnar að þessu leyti, segir Marinó Finnbogason að lokum.”

Vordagar í Mjódd spennandi tilboð 8. - 12. maí



Mjódd

Ítalskir gæðaskór

á dömur og herra



Allir með dempun í hæl



1. Teg. 4124 Stærðir 36-42



2. Teg. 2062 Stærðir 40-47



3. Teg. 3112 Stærðir 36-42



4. Teg. 2076 Stærðir 39-47

www.xena.is



SPÖNGINN S: 587 0740
MJÓDDINN S: 557 1291
GLÆSIBÆ S: 553 7060
BORGARNESI S: 437 1240

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 &
895 8298

Þorsteinn í þjónustumiðstöðina

Þorsteinn Hjartarson, skólastjóri Fellaskóla, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Breiðholts.

Þorsteinn hefur lokið M.Ed. gráðu frá Kennaraháskóla Íslands með áherslu á stjórnun menntastofnana. Áður lauk hann íþróttakennaraprófi frá Íþróttakennaraháskóla Íslands auk þess að stunda nám í félagsfræði, mannfræði og heimspeki í Háskóla Íslands. Þorsteinn hefur gegnt starfi skólastjóra Fellaskóla í Breiðholti frá árinu 2000. Þorsteinn hefur gegnt ýmsum trúnaðarstörfum fyrir hönd Reykjavíkurborgar. Þá hefur hann gegnt ýmsum stjórnarstörfum, m.a. átt sæti í stjórn Sambands sunnlenskra sveitarfélaga og í stjórn Námsgagnastofnunar.



Þorsteinn Hjartarson.

Viljayfirlýsing um þjónustuíbúðir

Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing Félags eldri borgara og Jökla ehf. um hugmynda- og undirbúningsvinnu vegna þjónustuíbúða fyrir eldri borgara á svæðinu á milli Gerðubergs og Fella og Hólakirkju. Í viljayfirlýsinguinni felst m.a. að unnið verði að hugmyndum um hvernig byggð geti risið þarna og hvaða gerðir af íbúðum myndu henta því þjónustuhlutverki sem um er að ræða. Umrædd lóð er í eigu ríkisins og því verður að semja um kaup á henni á milli þess og Reykjavíkurborgar eigi að koma til framkvæmda á svæðinu.

Verði af íbúðabyggð á þessu svæði þarf slík breyting á nýtingu þess að fara fyrir skipulagsyfirlöð og allar líkur eru á að breyta þurfi deiliskipulagi á svæðinu. Í

viljayfirlýsingu Félags eldri borgara og Jökla er gert ráð fyrir að móta hugmyndir sem síðan yrðu lagðar fyrir borgaryfirlöð og munu íbúðabyggingar fyrir eldri borgara í Sóltúni hugsanlega verða hafðar til fyrirmyndar. Þá hafa Jöklar staðið að byggingum fyrir eldri borgara á Austurlandi. Eftir að húsnæði skátaheimilisins skemmdist af eldi og var rífið í framhaldi þess er ekki um neinar byggingar að ræða á þessu svæði. Svæðið hentar hins vegar ágætlega fyrir þjónustuíbúðir. Skammt er í félagsstarfið í Gerðubergi og einnig fer mikið félagsstarf fram á vegum Fella og Hólakirkju. Þá er skammt að Heilsugæslustöðinni í Efra Breiðholti, Breiðholtslaug og einnig verslun og þjónustu.

Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför



Sverrir Einarsson



Hermann Jónasson



Geir Harðarson



Bryndís Valbjarnardóttir



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurlíð 35 Fossvogi • www.utfarin.is

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar



Hjördís Hjörleifsdóttir, Torfi Magnússon og Magnús Ingvason, umsjónarmenn Sumarskólans í FB.

Stöðug fjölgun í Sumarskólanum í FB

Sumarskóli FB verður starfræktur í fjórtánda sinn í sumar. Mikil og góð reynsla hefur fengist með árunum og voru nemendur á síðasta ári rúmlega 800. Hafði þeim fjölgað um tæplega 200 frá árinu áður. Kennt er frá 29. maí til og með 23. júní, en kennslan hefst kl. 17:30 á daginn.

Boðið er upp á um 80 áfanga og fer þeim einnig fjölgandi með árunum. Meðal kennslugreina má nefna alla almenna áfanga, s.s. íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku, þýsku, spænsku, bókfærslu, flestar raungreinar, tölvufræði, félagsfræði, markaðsfræði, sagnfræði, sálfræði, upplýsinga- og tölvufræði, lögræði og fleiri greinar.

Magnús Ingvason, forstöðumaður skólans, segir þessa miklu nemendaaukningu jákvæða; bæði fyrir skólann og nemendur. Nemendur eru farnir að koma í skólann ár eftir ár í þeim tilgangi að flýta námi sínu. Þá koma einnig nemendur sem af einhverjum ástæðum hafa tafist í námi og eru að vinna það upp.

Þá segir Magnús að Sumarskólinn í FB sé leiðandi í svokölluðu dreifnámi, en allmargir áfangar eru með slíku sniði í sumar. Það fer þannig fram að nýttir eru saman kostir staðbundins náms og fjarnáms. Kennarinn hittir nemendur a.m.k. einu sinni í viku, en að öðru leyti fer námið fram í gegnum tölvur. Unnið er í gegnum sérstakt námsstjórnunarkerfi sem hannað var af kennurum og nemendum í FB.

Þá býður Sumarskólinn í FB nám fyrir nemendur úr 10. bekk sem gengur ekki nægilega vel á samræmdu prófunum. Þeir geta komið í Sumarskólann í FB í því skyni að hækka einkunn sína úr samræmdu

prófunum. Þá er eitthvað um að aðrir nemendur grunnskóla komi í áfanga sem nýtast þeim næsta haust þegar þeir hefja framhaldsskólanám.

Aðspurður segir Magnús nemendur koma hvaðanæva af landinu. Margir nemendur skóla úti á landi koma til borgarinnar og stunda nám þennan mánuð sem skólinn er starfræktur. Eins er boðið upp á að nemendur taki próf í stærstu byggðarkjörnum landsins og hafi það sífellt aukist hin síðari ár.

Magnús segir að lokum að viðtökur séu mjög góðar og mörgum finnst frábært að boðið sé upp á nám sem þetta að sumri til; námið sé strembið í stuttan tíma, en „verðlaunin“ séu einingar sem nýtast nemendum í námi sínu.

Netinnritun í skólann er í fullum gangi á www.fb.is, en innritað verður í skólann frá 21. maí á milli kl. 17:00 og 19:00 virka daga. Einnig er innritað laugardaginn 26. maí frá kl. 10:00 til 13:00. Nánari upplýsingar má fá á min@fb.is, tm@fb.is eða í síma 570-5620 og 862 7610.

Quiznos SUB

**fjölskyldu-
matsölustaður**
Nýbýlavegi 32

Rennibraut



15 tommu tilboð

komdu og nældu þér í 15 tommu pizzu með 3 áleggstegundum, 2 l. kók og skammt af kjúklingavængjum

á aðeins... **2000 kr.**

Sex Hróa Hattar staðir eitt símanúmer

55 44444

Kópavogur: Smiðjuvegi 2

Reykjavík: Fákafeni 11 • Hringbraut 119 • Langarima 21

Hafnarfjörður: Hjallahrauni 13 • Selfoss: Austurvegi 22

Gildir þegar pizza er sótt. Gildir ekki með öðrum tilboðum. Gildir til 1. júní 07

Hunt's
-fullt af fjöri

KJÖT
-fullt af fjöri





Veturinn kvaddur.

Eldri borgarar kvöddu veturinn

Eldri borgarar í Breiðholti kvöddu veturinn í Breiðholtskirkju miðvikudaginn 18. apríl með fjölbreyttri tónlistardagskrá og fleiri atriðum. Félagsstarf eldri borgara í Breiðholti stóð að dagskránni í samstarfi við Breiðholtskirkju og þjónustumið-

stöð Breiðholts.

Senjoritur Kvennakórs Reykjavíkur sungu undir stjórn Ágotu Joó og Gerðubergskórinn en stjórnandi hans að þessu sinni var Árni Ísleifsson og undirleikari Unnur Eyfells. Þá léku nemendur Tónlistarskóla Sigursveins D.

Kristinssonar á hljóðfæri og karla-kórinn Kátir karlar sungu einnig undir stjórn Árna Ísleifssyni. Á undan hinni formlegu dagskrá lék hin kunnari harmonikkuleikari Þorvaldur Jónsson á nikkuna en hann er sá sami og samdi Breiðholtslag-ið sem margir þekkja.

Stekkjarkjarkakki í útboð

Tvöföldun Stekkjarkakka á milli Efra og Neðra Breiðholts er nú komið í útboð og gert ráð fyrir að framkvæmdir við verkið hefjist á næstunni.

Með tvöfölduninni rýmkast mjög

um umferð á milli hverfahlutanna og einnig úr Mjóddinni yfir í Árbæjarhverfið. Eins og staðan er í dag skapast oft raðir á Stekkjarkakknunum á álagstímum og umferð gengur hægt fyrir sig en stór hluti af

umferðinni til og frá Efra Breiðholti fara um þá leið auk þess sem umferð úr Neðra Breiðholti, Mjódd og víðar á leið í Árbæjarhverfi og jafnvel inn á Vestur- og Suðurlandsveg fara um Stekkjarkakann.

KOLBRÚN HALLDÓRSDÓTTIR

1. sæti Reykjavíkurrkjördæmi – suður

GRÆN FRAMTÍÐ

- Stöðvum alla frekari orkuöflun fyrir stóriðju, a.m.k. næstu fimm árin.
- Eflum almenningssamgöngur, aukum hlut vistvænna ökutækja, tökum upp strandsiglingar og greiðum fyrir umferð hjólandi og gangandi vegfarenda í því skyni að auka umferðaröryggi og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- Stofnum loftslagsráð sem mótar tillögur um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og meti áhrif loftslagsbreytinga á náttúruna, þjóðarhag og þjóðaröryggi.
- Nýtum gróðurlendi á sjálfbærar hátt og heftum landeyðingu með skipulegri landgræðslu. Leggjum áherslu á að endurheimta töpuð vistkerfi og aukumlandgæði með uppgræðslu og skógrækt þar sem við á.



ALLT ANNAÐ LÍF! - með vinstri grænum



Fjölbrautaskólinn
í Breiðholti

Skólaslit

Fjölbrautaskólans í Breiðholti verða í Íþróttahúsi FB við Austurberg miðvikudaginn 23. maí kl. 14:00.

Allir nemendur dag- og kvöldskóla, er lokið hafa eftirtöldum prófum, eiga að koma og taka á mótí prófskríteinum:

Handiðabraut
Sjúkraliðanámi
Snyrtifræðingánámi
Burtfararprófi af húsasmíðabraut
Burtfararprófi af rafvirkjabraut
Starfsbraut
Stúdentsprófi
Skiptinemar

Skólameistari

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

Austurbergi 5 111 Reykjavík Sími 570 5600

Símbréf 567 0389 Tölvupóstur: fb@fb.is

www.fb.is



Þungamiðjan færir sig í austur

Þungamiðja búsetu á höfuðborgarsvæðinu er nú í bakgarði við Goðaland 5 í Fossvogi samkvæmt útreikningum framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar.

Þyngdarpunkturinn hefur frá því mælingar hófust verið í Fossvogshverfi en verið á siglingu austur eftir hverfinu og færst um 44 metra til austurs frá því í fyrra, sem er mun minni hreyfing en árið á undan eftir

því sem segir í tilkynningu frá framkvæmdasviði. Þegar aðeins er horft til þungamiðju Reykjavíkur hefur hún færst um 58 metra norðaustur eftir byggingum Menntaskólans við Sund og Vogaskóla. Þá er bilið milli þungamiðjanna 1560 metrar en það var í fyrra 1530 metrar þannig að segja má að Reykjavík leiti aðeins meira til norðurs en byggðin á öllu höfuðborgarsvæðinu gerir.



Unnið að mælingu á þungamiðju byggðar í Reykjavíkurborg

Hvaða bók/bækur ertu að lesa?



Frá þeirri stundu að ég var barn og faðir minn kom heim með bækur Astrid Lindgren: Lína langsokkur, Lína Langsokkur ætlar til sjós og Lína langsokkur í Suðurhöfum hef ég verið sílesandi. Þetta var árið 1950, en þessar þrjár Línubækur voru prentaðar í Félagsprentsmiðjunni á Akureyri á árunum 1948, 1949 og 1950 það var í fyrsta skipti sem þær voru gefnar út á íslensku.

Ég var svo lánsöm að búa hjá móðurforeldrum mínum á Skólavörðustíg á unglingsárum og þar komst ég nú aldeilis í bækur til að lesa. Móðuramma mín las mikið og átti margar bækur, en þar sem húsrými var af skörum skammti, þá var bókunum á því heimili raðað í stóra trékassa sem geymdir voru undir súð. Það var bæði spennandi og skemmtilegt að sækja sér lestrar-efni og svo það sem var enn betra, að það var svo stutt í bókasafn.

Bókin sem ég er að lesa núna heitir Gamlar glæður eftir Guðbjörgu Jónsdóttur, húsfreyju í Broddanesi, sem Helgi Hjörvar bjó til prentunar. Þetta eru þættir úr daglega lífinu á Ströndum á síðari hluta 19. aldar. Guðbjörg sækir efni í minningar sínar, hvernig umhofs var á hennar æskudögum og í frásagnir samferðamanna sinna.

Þar lýsir hún eins og hún segir sjálf í formála fremur kostum manna en löstum, eins og það kom henni fyrir sjónir og að hennar mati er réttara að grafa eftir því góða í fari manna, en hinu sem misjafnt er. Við lestur bókarninnar vaknaði áhugi minn á að heimsækja ættingja sem



Þorbjörg Guðmundsdóttir.

fluttust til Vesturheims og sagt er frá í bókinni. Í ágúst næst komandi verður áhuginn að veruleika, því ég ætla að heimsækja frændur mína í Vesturheimi.

Nú það er svo að mér finnst mjög gaman að lesa endurminningar fólks og í vetur las ég meðal annars Æviminningar Rögnu á Laugarbóli sem rituð er af Reyni Traustasyni og gefin var út á síðasta ári. Í þeirri bók líkt og í bók Guðbjargar er lýst tíðaranda, en nú tuttugustu aldar, samferðarfólki, hjartagæsku, ferðamáta og vinnubrögðum þar sem gamli tíminn gengur inn í þann nýja.

Mér hefur alltaf fundist gaman að glugga í tímaritinu Heima er best og nýverið kom í póstinum 3.tbl., 57. árg. 2007, en þetta er þjóðlegt tímarit sem ritstýrt er af Guðjóni Baldvínssyni. Í því er fjölbreytt efni, frásagnir, minningarbrot, kviðlingar og kvæðamál og framhaldssaga. Þegar ég rekst á framhaldssögur

þá finnst mér ég barn í annað sinn, því minningar um framhaldssögur í Morgunblaðinu koma upp í hugann, því þær voru oft meira spennandi en annað efni blaðsins.

Meðal efnis í umræddu Heima er best er frásögn Kristínar Helgadóttur á Sauðárkróki en hún fluttist til Kanada ásamt fjölskyldu árið 1968 utan elsta sonar og bjó þar til ársins 1987. Einnig eru minningabrot tekið saman fyrir niðjamót Guðrúnar Guðmundsdóttur og Guðmundar Bjarnasonar frá Mosvöllum í Önundafirði og skráð af þeim frændsystkinum Ingileifu, Kristínu og Valdimar. Í minningarbroti Ingileifar Steinunnar Ólafsdóttur las ég sem nýtt var fyrir mér hvernig amma hennar eldaði rauðmaga. Minningarbrot Kristínar Á. Ólafsdóttur fjallar meðal annars um það hvernig amma hennar útbjó sallat úr skaríakáli. Valdimar Ólafsson segir í sínum minningum frá því hvernig afi hans smíðaði skíði. Þótt hér sé aðeins stiklað á stóru um efni Heima er Best þá vona ég að áhugi lesenda opnist fyrir að vita meira um efni blaðsins sem verði til þess að þeir lesi það.

En þar sem sól hækkar á lofti er ekki úr vegi að ljúka þessum skrifum með vísu sem ort var fyrir löngu og birt er í Heima er Best:

Árdagssól í austri skín,
óma ljóðastrengir.
Þögn úr mínum þanka dvín,
þegar daginn lengir.

Gleðilegt sumar, Þorbjörg Guðmundsdóttir.



BORGARBÓKASAFN
REYKJAVÍKUR

Skráning á staðnum
og í síma 557 9122
frá 21. maí



Ritsmiðja Takmarkaður fjöldi Ritsmiðja

Gerðubergssafn

Ritsmiðja í Gerðubergssafni fyrir krakka á aldrinum 8-12 ára dagana 11.-15. júní kl. 10-12

Leiðbeinendur:
Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur
Anna Vilborg Dyrset myndlistamaður og barnabókavörður
Hólmfríður Gunnlaugsdóttir barnabókavörður

VELFERÐ, SANNGIRNI OG ATVINNUÖRYGGI



Jón Magnússon
Reykjavík Suður

Kjósum okkur að

- Aldraðir og öryrkjar geti haft 1.000.000 kr. tekjur án bótaskerðingar og að tekjutenging við maka verði afnumin.
- Lífeyrisgreiðslur beri 10% skatt líkt og fjármagnstekjur.
- Skattleysismörk hækki strax í 150 þúsund hjá þeim tekjulægstu.
- Lækka skuldir heimilanna, afnemun verðtrygginguna.

Kjóstu F!

forysta fyrir íslenska þjóð



Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

Skeifan 7 | Reykjavík | sími 553 6061

Leysir hraðlest flugvallar- málið og umferðavandann?



Séð yfir Reykjavíkflugvöll úr Perlunni

Í drögum að aðalskipulagi Reykjaneshæjar til ársins 2021 er gert ráð fyrir möguleikum fyrir hraðlest frá Keflavíkflugvelli til Reykjavíkur. Til þessa hafa samgöngur með hraðlest á milli þessara staða verið taldar óhugsandi vegna mikils kostnaðar miðað við farþegafjölda. Í ljósi sífellt aukins fjölda farþega sem fara um Keflavíkflugvöll telja bæjaryfirvöld í Reykjaneshæ raunhæft að gera ráð fyrir þessum samgöngumáta á þessum tíma.

Talið er það taki hraðlest um 20 mínútur að fara á milli Reykjavíkur og Keflavíkflugvallar og af því hljóta að vakna spurningar um hver verði framtíð innanlandsflugsins. Samstaða er á milli borgarfulltrúa Reykjavíkurborgar um að flugvöllurinn verði að vika af núverandi svæði í Vatnsmýrinni

en hann er á aðalskipulagi fram til ársins 2016. Borgarfulltrúar hafa einnig lýst því að þeir vilji að flugvöllur verði áfram í Reykjavík þótt hann fari úr Vatnsmýrinni og hafa bent á Hólmsheiði og Löngusker sem líklega staði fyrir nýjan flugvöll. Á fundi með frambjóðendum sem Betra Breiðholt stóð fyrir í Breiðholtsskóla 26. apríl kom í ljós að verulegur ágreiningur er á meðal stjórnmalamanna og annarra um flugvallarmálið. Skoðanir eru skiptar um hvort flugvöllurinn eigi að vera í Vatnsmýrinni til frambúðar og einnig hvort rétt sé að byggja nýjan flugvöll verði Reykjavíkflugvöllur lagður niður. Einnig heyrast þau sjónarmið að minnka megi landssvæði flugvallarins með því að nota aðeins eina flugbraut og taka hluta Vatnsmýrarsvæðisins til bygginga. Samgöngumál voru mikið til umræðu

á fundi Betra Breiðholts með frambjóðendum og hvaða lausnir væru til þess að mæta sívaxandi bílaumferð á tengibrautum borgarinnar. Spurning er um hvort hraðlestartenging á milli Reykjavíkur og Keflavíkflugvallar gæti með einhverjum hætti leyst í vanda Reykvíkinga við að komast á milli borgarhluta m.a. með því hvort slík tenging gæti snert Mjóddina í Breiðholti en þar mun gert ráð fyrir rými fyrir lestarstöð í framtíðinni. Samgönguráðherra hefur fagnað þessari hugmynd en einnig tekið fram að tvöföldun Reykjaneshæbrautar muni anna flutningabörf á milli höfuðborgarsvæðisins og Suðurnesja. Spurning er um hvort og á hvern hátt málefni Reykjavíkflugvallar geti tengst byggingu hraðlestar og tengimöguleikum lestarteina fyrir samgöngur í Reykjavík og til Suðurnesja.

Viltu skemmtilega vinnu í hverfinu þínu?

Félagsmiðstöðin Árskógum 4, 109 Breiðholti, óskar eftir starfsmönnum í félagslega heimaþjónustu. Um er að ræða skemmtileg og lærdómsrík störf, sem fela í sér aðstoð við heimilishald, félagslegan stuðning og almenn þrif. Nýju starfsfólki veittur góður stuðningur og aðlögun í starfi. Upplýsingar veita Elísabet E. Jónsdóttir og Pála Jakobsdóttir í síma 535-2700, netföng: elisabet.eyglo.jonsdottir@reykjavik.is og pala.jakobsdottir@reykjavik.is.

SKATTLEYSISMÖRKIN Í 140.000 KRÓNUR.

ÞAÐ ER SÚ UPPHÆÐ SEM ÞAU ÆTTU AÐ VERA, EF ÞAU HEFÐU FYLGST LAUNAPRÓUN SÍÐUSTU 12 ÁRA.

VIÐ HÖFUM EFNI Á ÞVÍ NÚNA EINS OG ÞÁ.



Margrét Sverrisdóttir
Íslenskufræðingur og borgarfulltrúi

FYRSTA SÆTI RVK NORDUR

ÍSLANDSHREYFINGIN
lifandi land

www.islandshreyfingin.is

Við spörum þér sporin og auðveldum flokkun!



Við sækjum pappír, pappa, málma, plast, fernur og rafhlöður heim til þín.

Hringdu í okkur í síma **535 2510**

og pantaðu **Endurvinnslutunnuna!**

Núna við líka!
Frábært!



RAFHLÖÐUR
mega fara í tunnuna í sérmerktum bláum pokum!



GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ

Súðarvogi 2 • 104 Reykjavík • Sími: 535 2500
gamar@gamar.is • www.gamar.is

Sjáið kynningarmyndband á www.endurvinnslutunnan.is

Guðrún Þórsdóttir, skólastjóri Vinnuskóla Reykjavíkur skrifar:

Útiskóli og umhverfi



Árið 2006 var besta ljósmyndin valin í Vinnuskóla Reykjavíkur. Vinningshafi var María Ingibjörg Ragnarsdóttir, yfirleiðbeinandi. Myndin er lifandi og táknræn fyrir áherslu Vinnuskólans og lýsir lífsgleði, vinnusemi og samveru sem einkennir hópastarfið.

Vinnuskóli Reykjavíkur er úti-skóli. Skólastofur hans eru víðar og hjartar og skapa glæsilega umgjörð um fræðsluáherslur skólans. Í daglegri vinnu er lögð áhersla á vinnuþjálfun, verkfærni og vandvirkni. Nemendur fá Vinnuskólamat fyrir starfstengda þætti yfir sumarið. Í fræðslu á vettvangi er tekið mið af aldri nemenda og hvað stendur þeim nær í þroska og áhuga.

Grunnþáttur fræðslunnar er um umhverfi nemenda og að vekja áhuga þeirra fyrir mikilvægi grenndarsamfélagsins. Fræðslan snýr að breiðum lífsleikniþáttum svo sem viðnámi gegn vímuefnum, jafnrétti, fjölmenningu, lýðheilsu og samgöngum. Einnig fá nemendur tækifæri til rökræðna og fræðslu um neyslusamfélagið og um endurnýtingu. Til viðbótar þessari fræðslu fá Íslendingar af erlendu bergi sértæka þjálfun og fræðslu í málrækt.

Fræðsluleiðbeinendur skipuleggja árgangafræðsluna og valdir sérfræðingar skipuleggja fræðsluna á vettvangi. Þessu til viðbótar eru ýmis þróunarverkefni í samstarfi við borgarstofnanir og fá þeir nemendur frekari innsýn í borgarsamfélagið og jafnframt fræðslunni er sérstaklega unnið með þeirra sterku hliðar.

Fyrir ungmenni sem eru að vaxa úr grasi og eru að byggja upp dómgreind er fræðsla og umræður um ofangreinda þætti afar dýrmætt veganesti. Ungt fólk verður fyrir miklu áreiti og þrýstingi alls staðar í umhverfinu þar sem því miður oft óæskilegar staðalímýndir ráða för. Hlutverk foreldra er flóknara í dag og á unglingsárunum skreppur foreldrahlutverkið óneitanlega nokkuð saman. Þess vegna skiptir umræðan og gildismatið í jafningjahópnum ómældu máli fyrir velferð unglingsins.

Sérstaklega er unnið með hvatningu til nemenda. Framúrskarandi nemendur fá verðlaun og elstu vinnuskólaþjarkarnir fá verðlaun og viðurkenningar við skólaslit.

Og nú er sumarið 2007 framundan. Íslensk sumur eru stutt og einmitt þess vegna er hver dagur í gróskuundrinu mikilvægur. Það er ekki bara gróðurinn sem vex hratt heldur líka unga fólkið. Sentimetrarnir raðast í lærleggi og hryggjar-súlur og íslenska þjóðin hækkar.

Vinnuskóli Reykjavíkur er úti-skóli. Starfssvæði skólans er frá Kjalarnesi annars vegar og Bláfjöllum hins vegar að Vegamótum á Seltjarnarnesi.

Sumarstarfsmenn Vinnuskólans eru á þriðja hundrað og nemendur um þrjú þúsund. Starf í Vinnuskólanum gefur þessu unga fólki einstaka möguleika á að njóta úti-vistar og um leið eiga þau þátt í að prýða borgarlandið og útmörkina. Borgin sækist mjög eftir starfskröftum nemenda Vinnuskólans og starf þeirra á þátt í því að bæta lífsgæðin innan borgarlandsins.

Vinnuskóli Reykjavíkur setur kröfu á að leiðbeinendur og yfirleiðbeinendur séu góðar fyrirmyndir því unglingarnir horfa til þeirra í hverju spori.

Á Sumarhátíð nemenda fá þeir meðal annars að kynnastr um framtíð borgarinnar og taka þátt í alþjóðahátíð sem Reykjavíkurborg heldur nú í sumar.

Reykvíkingar eru lánsamir að eiga Vinnuskóla Reykjavíkur sem æfingabúðir fyrir sín ungmenni þar sem þau takast á við raunveruleg verkefni. Það hefur ítrekað komið fram í heimsóknum erlendra gesta að þeir horfa til þess með löngun að geta starfrækt vinnuskóla í líkingu við Vinnuskóla Reykjavíkur.

Allir foreldrar bera þá ósk í brjósti að unglingurinn þeirra komi vel undan sumri, skráning í Vinnuskóla Reykjavíkur hefst í byrjun maí.

borgarblod.is



TIL UMHUGSUNAR

Eftir sr. Guðmund Karl Ágústsson

Athyglisverð hugmynd

Ég hef búið lengi í Breiðholti bæði í Seljahverfi og nú í Hólahverfi, og finnst frábært að búa þar. Þar er stutt út í náttúruna, stutt í alla þjónustu og gott samfélag. Ég þarf ekki annað en að setja á mig skóna og ganga niður að Elliða-ám til að komast í samband við Guðsgræna náttúruna, og allt dýralífið sem er í kringum árnar. Mér finnst eins og ég búi í sveit en þó í borg. Og það eru forréttindi, minni mengun og minni hávaði. Þess vegna vil ég fá að búa sem lengst í Breiðholtinu. En það eru ýmsir vankantar, því að þegar fólk eldist og þarf að minnka við sig eða þarf á einhverri þjónustu á að halda, þá þarf það að flytja sig um set. Allavega þeir sem búa í Fella- og Hólahverfinu. Það hefur verið hlutskipti þeirra að þegar aldurinn hefur færst yfir þarf fólk að flytja í önnur hverfi í þjónustuíbúðir eða á stofnanir sem þar eru. Við sem þjónum og störfum með eldri borgurunum höfum horft á eftir mörgum góðum vinum, sem hafa þurft að flytja í önnur hverfi, og þar með hætt að taka þátt í starfinu okkar. Þegar ég hóf störf sem sóknarprestur fyrir um 20 árum voru ekki margir eldri borgarar í hverfunum okkar, en á þessum árum hefur fjölgað gífurlega, og sást það best hjá okkur þegar við ætluðum að senda öllum 70 ára og eldri í Fella- og Hólabrekkusókn, þá voru þetta rúmlega 800 manns.

Þess vegna vakti það upp von. Von sem lengi hefur búið í huga mér og fleirum sem vinna með eldri borgurum í hverfinu, og vil ég þá sérstaklega nefna Guðrúnu í Gerðubergi. Þegar hugmyndin um þjónustuíbúðir fyrir aldraða í nágrenni Gerðubergs og tengslum við félagsstarfið í Gerðubergi kom upp í viðtali borgarstjóra við Breiðholtsblaðið. Þar kom hann fram með athyglisverða hugmynd, sem reyndar er gömul í hugum okkar sem hafa starfað þarna upp frá í eldri borgara starfinu. Því sú hugmynd hefur blundað lengi hjá okkur að slíkar íbúðir kæmu í Efra Breiðholti. Sum hafa ekki haft trú á að slíkt gæti gerst. En aðstæður hafa breyst mikið undanfarið. Í dag er til gott pláss og greinilegur vilji til athafna. Það passar því vel að láta hendur standa fram úr ermum og fara að láta verkin tala og drífa sig í framkvæmdir. Fyrir þá sem lítið til þekkja er austan Gerðubergs autt og óbyggt svæði sem liggur á milli tveggja þjónustustofnana sem báðar sinna miklu og góðu félagsstarfi bæði í þágu eldri borgara og annarra. Annars vegar Gerðuberg og hins vegar Fella- og Hóla-kirkja, sem yrðu í góðu göngufæri frá íbúðabyggð á þessum stað. Þetta auða svæði er ekki vel fallið til hefðbundinnar útivistar og getur því vel hentað fyrir lágreista þjónustuíbúðabyggð eins og borgarstjóri hugsar sér hana. Nú er

búið að rífa skátaheimilið sem stóð á næstu lóð austan Gerðubergs, og þar af leiðandi hefur svæðið stækkað til muna sem um er talað.

Auðvitað erum við ekki að tala um háhýsi eins og Vilhjálmur sagði, enda myndi það ekki rúmast á þessu svæði svo að vel færi. Engu að síður væri hægt koma fyrir íbúðum fyrir nokkurn fjölda fólks án þess að umhverfið biði nokkurn skaða af. Eldra fólki er einnig nauðsyn þess að eiga greiðan aðgang að félagsstarfi, þar sem það á þess kost að blanda geði við annað fólk. Nálægð við Fella- og Hóla-kirkju og Gerðuberg er kjörin leið til þess að uppfylla þær þarfir. Slíkar íbúðir myndu falla vel að því starfi sem unnið er að í þágu eldri borgara bæði í Gerðubergi og í Fella- og Hóla-kirkju. Mikil þörf er fyrir hendi í þessu efni og sínu verst er ástandið auðvitað hjá því fólki sem þarfnast meiri umönnunar. Þjónustuíbúðir geta á hinn bóginn dregið úr því að fólk þurfi að leggjast inn á stofnanir. Alla vega seinkað innlögð verulega. Þá er nálægðin við félagsstarfið í Fella- og Hóla-kirkju og Gerðubergi mikilvæg því margir eldri borgarar nýta sér það og stöðugt er unnið að því að fá fleiri til þess að koma og taka þátt í starfinu.

Guð gefi ykkur öllum gleðilegt sumar og góða daga.

Þúsund lóðir á ári

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, borgarstjóri gerir ráð fyrir að úthlutað verði minnsta kosti 1000 íbúðalóðum í nýjum hverfum Reykjavíkur á ári á næstu árum. Fast lóðaverð á að tryggja að allir hafi sama tækifæri til að fá lóð og framboð á sérbýli verður stóraukið. Þetta kom meðal annars fram á blaðamannafundi sem borgarstjórnarmeirihlutinn efndi til fyrir skömmu. Við sama tækifæri opnaði borgarstjóri nýjan vef fyrir borgarbúa sem sýnir áætlun næstu ára í lóðaúthlutun. Borgarbúum er þannig í fyrsta sinn gert kleift að skoða

ný íbúðasvæði á netinu og lóðir sem í boði verða. Vefurinn felst í nákvæmu upplýsingakorti sem sýnir uppbyggingsvæðin í borginni, hvar þau eru og hvenær úthlutun hefst.

Vilhjálmur sagði að markmiðið með þessu væri að allir sem vilja geti byggt og búið í Reykjavík og að borgin verði fyrsti búsetukostur sem flestra. Með hinum nýja vef verði uppbyggingaráform borgarinnar öllum aðgengileg og notendur geti öðlast heildarmynd af uppbyggingsvæðum og úthlutun lóða. Hann segir ennfreður að

nú verði nýjar úthlutunarreglur viðhafðar í Reykjavík. Hver einstaklingur geti sótt um eina lóð. Eftir að farið hafi verið yfir allar umsóknir hverju sinni verði dregið úr þeim umsóknum sem uppfylli öll skilyrði. Þannig ráðist hverjir fá lóðir og í hvaða röð umsækjendur fá að velja sér lóð. Fast verð er á lóðum samkvæmt nýju reglunum er 11 milljónir fyrir einbýlishús, 7.5 milljónir fyrir parhús og raðhús og 4.5 milljónir fyrir fjölbýlishús. Á meðal þess sem í boði verður eru lúxusíbúðir nærri borgarmiðjunni sm verða eins og einbýli í fjölbýli.

Sumarskólinn í FB

www.fb.is

Um 80 áfangar í boði - Netinnritun stendur yfir - Nám fyrir nemendur úr 10. bekk



Þátttakendur og hluti sköpunarverksins.

List án landamæra

Frístundaheimilin Fríssi fríski við Ölduselsskóla og Vesturhlíð við Vesturhlíðaskóla, unnu saman verkefnið "Sköpunarverk". Verkið er sett saman af 50 einingum gerðum af jafn mörgum börnum. Verk-

ið verður til sýnis í Höfuðborgarstofu fram til 11. maí. Við opnun sýningarinnar 30. apríl voru listamennirnir 50 á aldrinum 6 til 8 ára á staðnum, hver þeirra var með sinn hluta lista-

verkssins framan á sér. Verkefnið var skemmtilega unnið í samstarfi fatlaðra og ófatlaðra barna og sýnir hvað góð samvinna getur skilað í fegurð og gleði.

Nærmálin á dagskrá

Nærmálin eins og þau eru stundum kölluð settu svip á fund sem íbúasamtökin Betra Breiðholt efndu til með frambjóðendum í Reykjavíkurborgardæmi suður fyrir Alþingiskosningarnar sem fram fara á laugardaginn kemur og fór fundurinn fram í Breiðholtsskóla á dögunum. Umræður um samgöngumál settu svip á fundinn og einnig urðu umræður um Reykjavíkflugvöll og framtíð hans í Vatnsmýrinni eða annarsstaðar á Reykjavíkursvæðinu. Málefni eldri borgara voru á dagskrá og heilbrigðismál en minna fór fyrir hefðbundnum ágreiningsmálum stjórnmálaflokka sem oft eru kennd við hægri og vinstri í pólitík.

Jónína Bjartmars og Ágúst Ólafur Ágústsson ræddu öldrunarmálin sérstaklega og Ágúst Ólafur tók sérstaklega fram að þvinguð samvist fólks á dvalarheimilum væri óviðunandi. Í samgöngumálum sagði Jónína m.a. nauðsynlegt að sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hefðu með sér náð samráð um skipulagsmál þannig að mismunandi skipulag skapaði ekki erfiðleika í samgöngum innan þeirra sem á milli. Sigurður Kári Kristjánsson sagði að þrátt fyrir að aldrei hafi verið veitt meiri fjármunum til samgöngumála þá væru mörg

verkefni framundan. Þar væri einkum um að ræða samgönguæðarnar út úr borginni, bygging Sundabrautar og tvöföldum þjóðvegarnar austur fyrir fjall. Árni Þór Sigurðsson sagði að ríkið yrði að koma meira að samgöngumálum en nú væru aðeins götur og reiðvegir á þess vegum. Hann sagði einnig að efla yrði almennings-samgöngur og ræddi einnig nokkuð um jarðgöng sem lausn á umferðarmálum Reykvíkinga. Ómar Ragnarsson ræddi einnig um almennings-samgöngur og kvaðst vilja sjá fleiri ferðast með Strætó. Um einkabílinn sagði Ómar að nauðsynlegt væri að taka meira af minni bílum í notkun, sem tækju minna pláss í umferðinni, nýttu minni orku og menguðu minna. Jón Magnússon sagði að hækka yrði skattleysismörkin þannig að allt að 150 þúsund króna mánaðartekjur

yrðu neðan þeirra. Í innflytjendamálum sagði Jón að Íslendingum bæri að taka vel á móti útlandingum en til þess að það mætti verða yrði að hafa stjórn á flutningi fólks til landsins og að stofnanir samfélagsins yrði að hafa undan við að veita nýbúum þá þjónustu sem þeir þörfuðust til þess að aðlagast íslensku samfélagi. Jónína Bjartmarz sagði varðandi nýbúa að leggja yrðu aukna áherslu á íslenskukennslu og veita meiri fjármunum til þess að börn nýbúa nái sem fyrst góðum tókum á tungumálinu. Jón Magnússon gerði öryggi í úthverjum borgarinnar að umtalsefni og sagði að efla yrði löggæslu. Hann sagði fólk í úthverfum ekki lengur öruggt um heimili sín þegar það færi til vinnu á morgnana og pottur væri brotinn í löggæslumálum að þessu leyti.

Leiklistarhátíð frístundaheimilanna



Bóndinn í Helga og príhóðapursinn.



Úr Ferð Simpson fjölskyldunnar til New York.

Leiklistarhátíð frístundaheimilanna í Breiðholti var haldin föstudaginn 23. mars síðastliðinn. Eldri börnin í frístundaheimilunum Bakkaseli, Fríssa fríska og Klúbbnum okkar höfðu samið og æft leikverk, gert leikmyndir og búninga með traustri leiðsögn og handleiðslu leiðbeinanda sinna.

Mátti þar sjá að mikil vinna hafði verið lögð í allan undirbúning. Afrakstur þessarar vinnu voru leikverkin Helga og príhóðapurs-

inn í flutningi barna úr Bakkaseli við Breiðholtsskóla, ferð Simpson fjölskyldunnar til New York í flutningi barna úr Klúbbnum okkar í Miðbergi og Fjöla og tunglið hennar í flutningi barna úr Fríssa fríska við Ölduselsskóla. Breiðholtsskóli lánaði samkomusal þar sem verk-in voru sýnd fyrir fullu húsi foreldra og annara barna úr frístund. Síðan var gestum boðið í Bakkaseli þar sem gestir báðu veitingar. Myndirnar voru teknar á æfingum og á leiksýningu.

Quiznos SUB

fjölskyldu-matsölustaður

Nýbýlavegi 32

Rennibraut og Böttaland

Kæru Reykvíkingar!

Á kjördag, laugardaginn 12. maí er boðið í kosningakaffi kl. 14-18 í veislusal Þróttar, Laugardal.

Kosningavakan hefst kl. 21 á Grand Hótel.

ALLIR ERU HJARTANLEGA VELKOMNIR!

Kjósum betri framtíð!

Vantar þig akstur á kjördag?

Hringu í síma

661 9984

661 9986

661 9987

Bernskuminningar úr Breiðholtinu

Margrét Marteinsdóttir, fréttamaður er fædd í Reykjavík í nóvember 1971. Foreldrar hennar eru Marteinn Elí Geirsson og Hugrún Pétursdóttir. Marteinn vinnur hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Hugrún hjá VÍS. Margrét er búin að starfa við fjölmiðla í rúm tíu ár. Tæp níu ár hjá Ríkisútvarpinu, þar af átta á fréttastofu Sjónvarpsins. Fyrstu árin í erlendum fréttum en hin síðari í innlendum. Hún rifjar bernskuna í Breiðholtinu upp með Breiðholtsblaðinu að þessu sinni.

Frelsi að flytja frá Brussel í Breiðholtið

Frelsi að flytja frá Brussel í Breiðholtið
“Ég er elst þriggja systkina. Það er eitt og hálft ár á milli mín og Péturs Hafliða bróður míns en ellefu ár á milli mín og Írisar Daggar systur minnar. Hún var því ekki fædd þegar við fluttum í Breiðholtið. Þá var ég tæpra sjö ára en hafði búið í Brussel í tvö ár, þar sem pabbi spilaði fótbolta með belgísku félagsliði. Þó það hafi verið yndislegt að búa í Brussel vorum ég og bróðir minn mjög vernduð þar. Lékum okkur í kringum húsið sem við bjuggum í eða mamma og pabbi fóru með okkur í almenningsgarða. Það var því mikið frelsi sem fylgdi því að flytja heim aftur og það nýttum við okkur til fullnustu, eignuðumst marga góða vini og mörgum af mínum bestu vinkonum í dag kynntist ég þar.”

Önnur stelpa á fótboltavöllinn
“Það var ævintýri líkast að alast upp í Breiðholtinu. Ég bjó í Efra Breiðholti í Suðurhólum 4, en blokkin var næsta hús við Hólabrekkuskóla. Það tók mig um eina mínútu að labba í skólann sem var auðvitað mikill kostur. Svo var skólalóðin helsta leiksvæðið og þar var mikill krakkaskari frá morgni til kvölds. Ég átti marga stráka



Margrét Marteinsdóttir í fréttasettinu hjá Ríkissjónvarpinu þaðan sem hún flytur landsmönnum fréttir með reglulegu millibili.

að vinum sem helgaðist af því að ég vildi helst ekki gera neitt annað en leika mér í fótbolta og það voru ekki margar stelpur í þeim girnum. Svo kom ný stelpa í skólann í 11 ára bekk og hún hafði æft fótbolta í Bandaríkjunum þar sem hún bjó, og allt í einu var kominn önnur stelpa á fótboltavöllinn og ekki nóg með það hún var líka miklu betri en ég. Svolítið súrt en sú fýla varði bara í nokkra daga því við urðum bestu vinkonur og erum það enn.”

Snjór, kerti og draugasögur
“Einhvern tíma heyrði ég að veðurminni Íslendinga sé ekki upp á marga fiska - það var alltaf miklu betra veður á sumrin þegar ég var að alast upp segir fólk og þannig er það með mig líka. Mig minnir að það hafi alltaf verið brakandi blíða á sumrin í Breiðholtinu og mikill snjór á veturna. Man ekki eftir rigningu og roki. Bara björtu veðri og stilltu. Lýsir kannski vel góðu andlegu ástandi barnsins. En einn vetur er samt sérstaklega minnistæður - þá snjóaði nánast daglega í margar vikur og daglega upplifðum við börnin ný ævintýri við þessar frábæru aðstæður. Við stukkum upp á bílskúra - því að snjórinn náði

upp á þá hálfa - og hoppuðum á milli skúra og stukkum svo niður af þeim í skaflana. Þá bjuggum við til göng í skóflunum í gegnum Wembley en svo kölluðum við fótboltavöllinn þar sem við lékum okkur á sumrin en hann var við hliðina á blokkinni okkar. Við vönduðum okkur mikið við gerð ganganna og urðu þau á endanum mikil mannvirki. Við náðum í allskyns dót og komum því fyrir þar inni og vorum meira að segja með kerti. Á kvöldin sátum við inni í göngunum og sögðum hvert öðru draugasögur.”

Í strætó eftir Beta spólum

“Það var líka mjög eftirminnilegt þegar fyrsta vídeótækið kom í hverfið. Þá var ég um 10 ára. Frænka mín sem líka bjó í Breiðholtinu var ein af þeim fyrstu sem eignaðist myndbandstæki. Hún bauð mér, Pétri bróður og fleiri krökkum einn daginn heim til þess að horfa á myndbandið við lagið Thriller eftir Micheal Jackson. Þvílík upplifun. Við horfðum á það aftur og aftur og höfðum aldrei séð neitt jafn stórfenglegt. Á þessum tíma var mikið stríð á milli VHS og Beta. Mamma og pabbi keyptu Beta tæki og ég varði þá ákvörðun með kjafti og klóm þegar vinirnir gerðu grín af þessum kaupum. Það leið þó ekki á löngu þar til ég neyddist til að viðurkenna að ég hafði rangt fyrir mér. Beta spólur voru skyndilega nánast ófánlegar, bara hægt að fá þær á einni videoleigu í Reykjavík og það á Grensásvegi en ég þrjóskaðist við og tók strætó þangað til að ná mér í spólu en svo fækkaði Beta rekkunum þar og þá var fokið í öll skjól. Mamma og pabbi trúðu því hins vegar lengi að VHS væri bara bóla - Beta væri framtíðin!”

Úr Ártúnsholti í FB

Við fluttum úr Breiðholtinu í Ártúnsholt þegar ég var 14. ára. Mér leið svo vel í Hólabrekkuskóla, var með frábæra kenn-



Jólin 1982 í Suðurhólum. Systkini mín meiddu sig bæði stuttu fyrir jól. Pétur datt og fékk skurð á hökuna og Íris litla potaði upp í augað á sér og ekki nóg með það því, pabbi var í gífsi á fæti því hann sleit hásin stuttu fyrir jól.



Svona á að skalla. Þessi mynd birtist í dagblaði 1980 að mig minnir. Við vorum að bíða eftir að pabbi kæmi af æfingu fyrir landsleik. Auk mín og Péturs Hafliða er Þórhildur Þorbergsdóttir fyrsta vinkonan sem ég eignaðist í Breiðholtinu með á myndinni.

ara, átti góða vini og fannst ekki koma til greina að skipta um skóla. Ég lauk því grunnskólaþrófi þar og fór síðan í Kvenna-skólann. Eftir fyrsta árið þar ákvað ég að skipta um skóla og skráði mig í Fjölbrautaskólann í Breiðholti þar sem margar af mínum bestu vinkonum voru. Það voru tvær ástæður fyrir því að ég skipti um skóla. Í fyrsta lagi langaði mig að læra fjölmiðlafræði og þá var verið að byrja með fjölmiðlabrautina í FB. Hitt var að ég vann alltaf mikið með náminu og áfanga-kerfið hentaði mér því betur. Ég reyndi að velja fög þannig að ég væri laus um hádegi tvisvar í viku og svo vann ég líka um helgar. Ég skemmti mér konunglega í FB og fjölmiðlabrautin var miklu betri en ég hafði ímyndað mér og það var Sigurjóni heitnum Jóhannssyni að þakka en hann stýrði deildinni á þessum tíma. Ég held að honum hafi tekist að vekja áhuga allra þeirra sem sóttu tíma hjá honum á fjölmiðlum. Ég held að ég hafi ákveðið að starfa við fjölmiðla eftir fyrsta tímann hjá honum.”!

Breiðholt Vesturbær

Eftir stúdentspróf vann ég sem sendill á Pressunni í eitt ár var á þönum í kringum blaðamennina, tæknimennina og eigendurna daginn út og inn. Svo lá leiðin í Háskóla Íslands - ég stundaði nám í sagnfræði og stjórnmálafræði. Ari eftir að ég byrjaði í Háskólanum eignuðumst ég og Brynjólfur Þór Hilmarsson, maðurinn minn, hana Rakel okkar og fluttum á Stúdentagarða. Við búum ennþá í Vesturbænum og eigum tvö börn, Rakel og Marteinn Elí en hann er á fjórða ári. Mér hefur alltaf liðið mjög vel vestur í bæ en amma mín og afi bjuggu á Tómasarhaganum þegar ég var lítill og þar vildi ég helst vera allar helgar. Auk þess vann ég í mörg ár á elliheimilinu Grund. Ég var því með annan fótinn í Vesturbænum þegar ég var að alast upp. En ég er enn með fína tengingu við Breiðholtið því auk einnar bestu vinkonu minnar búa tengdaforeldrar mínir þar en þau voru meðal þeirra fyrstu sem fluttu í hverfið. Hafa búið þar í um 34 ár og liður alltaf jafn vel í Breiðholtinu.”



Fyrsti skóladagurinn í Belgíu.



Systkinin sitjandi og prúðbúin á leið í veislu áður en við fluttum til Belgíu.

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

1298
kílóverð



1698

**EKKERT
BRUDL**

Komdu í Bónus!

Beinlausir laxabitar

kílóverð nú:

845 KR.

frá Norðanfiski

845
frá Norðanfiski

BÓNUSFETI

159

KF SALAT

98
350g



30%
afsláttur
við kassann

Bónus býður betur!

4 örbylgjupitsur

298
CHICAGO TOWN

4 pepperonípítsur í kassa!

Chips
• Naturel •

TRÖLLAPOKI

98
200g

200g

www.bonus.is

Allur Semper barnamatur á tilboði!

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS bonus.is BONUS

Verðum að standa vörð um samábyrgð

“Skoðanakannanir sýna að þing-sæti mitt stendur tæpt. Við framsókn-arfólk erum ekki óvön því, en eigum því sem betur fer að venjast að í kosn-ingabaráttunni komi til liðs við okkar fólk sem hafnar öfgum til hægri og vinstri og kys hófsaman miðjuflokk sem vinnur að stöðugum umbótum í þágu þjóðarinnar allrar. Samvinna, hófsemi og samfélagsleg ábyrgð eru grunngildi Framsóknarflokksins. Ég tel afskaplega mikilvægt að þau gildi eigi sterka málsvara á Alþingi Ísland-inga og ég treysti á stuðning kjósenda við mig og Framsóknarflokkinn á laug-ardaginn kemur,” segir Jónína Bjart-marz.

30 af 144 dvalist hér eitt ár eða skemur

Hart hefur verið sótt að Jónínu Bjartmarz í kosningabaráttunni und-anfarna daga. Fjölskyldumál Jónínu hafa verið í umræðum fjölmiðla und-anfarna daga eftir fregnir af því að verðandi tengdadóttir hennar hafi verið í hópi 18 útlendinga sem hlutu ríkis-borgararétt með lögum frá Alþingi sl. vor. “Ég veit að margir hafa spurt sig hvað Kastljósinu hafi gengið til með þeirri umfjöllun sem þar hefur verið um þetta mál sem tengist mér og hvort þar hafi menn látið misnota sig til að koma höggi á mig og Framsókn-arflokkinn í aðdraganda kosninga,” segir Jónína. “Stórfrétt Kastljóssins í upphafi var að Lucia hefði einungis dvalist í fimmtán mánuði á Íslandi áður en Alþingi veitti réttinn og mátti skilja sem svo að væri nánast eins-dæmi og hin mesta spilling. En stað-reyndir málsins eru þær að á þessu kjörtímabili hafa 144 einstaklingar fengið ríkisborgarétt með lögum frá Alþingi. Af þeim höfðu 30 dvalist hér eitt ár eða skemur.”

Upplýsingar um einkalíf

“Kastljós birti umsókn Luciu, sem geymir upplýsingar um hennar einka-líf og er eðli málsins samkvæmt svip-að trúnaðargagn og læknakýrslan mín og þín. Einhvern veginn fengu þeir þá umsókn og umsóknir annarra í hendur. Ég hef ekki getað útskýrt fyrir Luciu af hverju Kastljós í réttarríkinu Íslandi braut á henni mannréttindi með broti á friðhelgi einkalífs henn-ar með því að leka þessum trúnaðar-gögnum og fjalla um þau í fjölmiðlum með þeim hætti sem gert var án þess að almennilega væri vandað til verka þegar upplýsinga var aflað og ályktan-ir dregnar. Í Kastljósinu var gert lítið úr þeirri ástæðu að umsóknin byggði á skertu ferðafrelsi. Stúlkan er búin að læra íslensku og hefur lagt hart að sér í námi með vinnu sem hún hefur stundað frá fyrsta degi. Þau eru nú að fara í nám til Bretlands og þá þarf hún að sækja um dvalar- og atvinnuleyfi eftir hverja önn til að koma til Íslands og vinna. Engin trygging er fyrir því að hún eigi afturkvæmt hingað án rík-isfangs. Guatemala er utan EES. Í ljós hefur komið að á síðustu fjórum árum hafa 21 aðrir einstaklingar fengið ríkis-borgararétt m.a. á grundvelli skerts ferðafrelsis. Í Kastljósinu var m.a. lát-ið að því liggja að aðallega væri um börn að ræða sem fengu ríkisborgara-rétt með lögum. Staðreyndin er sú að af þessum 144 voru einungis 14 börn. Bjarni Benediktsson, formaður Alls-herjarnefndar og fleiri nefndarmenn, hafa hrakið allar fullyrðingar sem ætl-að var að sýna að afgreiðsla umsókn-ara þessarar stúlku hafi á nokkrun hátt verið óeðlileg eða umsóknin fengið “sérmeðferð”. Ríkisborgarréttur er veittur með lögum tvisvar á ári, í síð-ara skiptið rétt fyrir þinglok og sum-ar umsóknir eru þá nýkomnar inn í Dómsmálaráðuneytið en aðrar hafa beðið lengur. Þessi leið, að veita rík-isborgarétt með lögum er sérstök aðferð til þess að veita fleiri einstak-lingum ríkisborgararétt en eingöngu þeim sem standast skilyrði laganna, og unnið hefur verið samkvæmt henni áratugum saman. Hvar liggur trúverðugleiki fjölmiðils sem vinnur

með þessum hætti,” segir Jónína.

Verð-um að standa vörð um samá-byrgð

En hvað kom til að Jónína tók að fást við stjórn-mál. “Ég var vön félagsstörfum, einkum á sviði fjölskyldu-, mennta-, og jafnrét-tismála, var lengi formaður grastróta-samtakanna Heimilis og skóla. Eitt leiddi síðan af öðru í þeim störfum og síðan þáði ég boð um að taka sæti á lista Framsóknarflokksins í þingkosn-ingunum 1999. Grunnildi framsókn-armanna hafa höfðað sterkt til mín, flokkurinn er hófsamur miðjuflokkur sem hafnar öfgum til hægri og vin-stri en leggur áherslu á málefnalega afstöðu til meginmála hverju sinni. Markaðshagkerfið er góðra gjalda vert þar sem það á við, en það á ekki að stýra afstöðu okkar til náungans eða samskiptum okkar á milli né ábyrgðar okkar hvort á öðru. Við þurf-um að standa vörð um gildismat sem byggir á samábyrgð í afstöðu okkar til þeirra sem minna mega sín eða hafa orðið undir í lífsbaráttunni. Við eigum ekki að sætta okkur við aðra þjóðfé-lagsskipan en þá sem tryggir að allir hafi hlutverki að gegna og fá notið ólíkra hæfileika sinna. Markaðsvæð-ing síðustu ára hefur reynt mjög á grunngerð samfélagsins.”

Tólf mánaða fæðingarorlof

Hver eru helstu baráttumál Jónínu á grundvelli þeirrar lífsskoðunar. “Í málefnum fjölskyldunnar er baráttu-mál okkar að lengja fæðingarorlof í 12 mánuði og stíga næstu skref í þeirri jafnréttisbýltingu sem Framsóknar-flokkurinn leiddi þegar níu mánaða-fæðingarorlof var leitt í lög. Einnig hækkun skattleysismarka, afnám stimpilgjalds og fleiri mál sem auð-velda ungu fólki að standa á eigin fótum. Í menntamálum vil ég m.a. fjöl-ga tækifærum til menntunar fyrir þá sem hafa litla formlega menntun, efla náms- og starfsráðgjöf til að vinna gegn brottfalli nemenda, og breyta hluta námslána í styrk til þeirra sem ljúka námi á tilskildum tíma.”

Almenningssamgöngur og kjör þeirra eldri

“Í umhverfismálum okkar hér í borginni tel ég afar mikilvægt að efla almenningssamgöngur og að ríki og sveitarfélög taki höndum saman við að efla og byggja upp þá þjónustu sem raunhæfan valkost við einkabíl-inn. Það er afar mikilvægt og dregur úr þörf á dýrum framkvæmdum við samgöngumannvirki. En jafnmikilvægt og það er að efla almenningssamgöng-ur er samt ljóst að eitt stærsta verk-efni okkar næstu árin verður að vera gerð Sundabrautar í botngöngum í einum áfanga og gerð mislægra gatna-móta á Miklubraut og Kringlumýrar-braut. Í öldrunarmálum vil ég tryggja öllum þeim sem þurfa að dveljast á dvalar og hjúkunarheimilum einbýli. Höfuðáherslu eigum við samt að leg-gja á að auka heimahjúkrun og félags-lega heimaþjónustu sveitarfélaga svo aldraðir geti búið lengur heima hjá sér. Nú er verið að byggja upp 300 hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu og með þeim framkvæmdum og bæt-tri þjónustu við þá sem búa heima trúi ég að við getum eytt biðlistum. Einnig þurftum við að vinna áfram að því að hækka enn fremur frítækjumark þeirra sem lífa á greiðslum úr lífeyris-jóðum.”

Jónína Bjartmarz umhverfisráð-herra og frambjóðandi framsóknar í Reykjavík suður.



Jónína Bjartmarz.

Bætum aðbúnað elstu og yngstu kynslóðanna

Þessa dagana er ég á kafi í kosn-ingabaráttu og það er ekki í fyrsta sinn. En alltaf er jafn gaman. Hjá Samfylkingarfólki er mikil stemn-ing og baráttuhugur enda málstað-urinn góður og við mætum vel und-irbúin til leiks.

Framtíðarsýn okkar og lausnir eiga fullt erindi við alla Breiðhylt-inga. Við í Samfylkingunni erum metnaðarfullt baráttufólk fyrir betra samfélagi enda byggjum við á jafnaðarstefnunni. Hún hef-ur löngu sannað gildi sitt enda hefur hún mótað samfélög Norð-urlandanna sem eru réttlátari og samkeppnishæfari en önnur ríki samkvæmt öllum alþjóðlegum mælikvörðum.

Við erum sannfærð um að Ísland er land tækifæra. Verðmæti ósnortinna náttúrusvæða og end-urnýjanlegra orkugjafa fer stöðugt vaxandi í heimi sem er ógnað af loftslagsbreytingum vegna meng-unar og brennslu jarðefnaeldsneyt-is. Við eigum að nýta sérfræðipekk-ingu okkar á þessu sviði og gera hana að útlutningsverðmæti. Við eigum að auka fjárfestingu í mennt-un og skapa okkur samkeppnis-stöðu sem vel menntaðri þjóð sem er í fararbroddi í ábyrgri auðlinda-nýtingu. Þarna liggur framtíðin.

Aðbúnaður og kjör eldri borgara

Í þessum kosningum leggjum

við megináherslu á kjör og aðbún-að elstu og yngstu kynslóða þessa lands. Samfylkingin ætlar að gera það að forgangsmáli að byggja 400 ný hjúkrunarrými og leggur áhers-lu á að allir eigi kost á sérherbergi en nú eru 900 aldraðir í þvingaðri samvist með bláðókunnugu fólki á öldrunarstofnun. Við munum enn fremur koma á fót sólarhrings hjúkrunar- og læknisþjónustu fyrir aldraða sem enn búa í heimahús-um, en hafa verið úrskurðaðir í brýnni hjúkrunarþörf.

Kjör margra eldri borgara eru líka algerlega óviðunandi. Við viljum auðvelda öldruðum og öryrk-jum að bæta kjör sín og koma á 100 þúsund króna frítækjumarki sem nær bæði til atvinnu- og líf-eyristekna. Þá viljum við draga úr skattlagningu lífeyristekna sem eiga ekki að bera hærri skatt en fjármagnstekjur.

Börnin okkar

Í unga fólkinu býr framtíðin, við verðum að gera allt til þess að þau komi sterk og vel undirbúin út í líf-ið. Samfylkingin vinnur einarðlega að því að bæta stöðu barna og ungmenna og hún hefur sett sér 60 aðgerða áætlun sem við köllum Unga Ísland. Við erum fyrsti stjórn-málaflokkurinn á Íslandi sem vinn-ur heildstæða áætlun í málefnum barna og ungmenna og erum mjög stolt af því.



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,

áætla á ætlu n okkar trygg-ir stöðu barna og ungmenna á fjölmörg-um sviðum, hún snýr m.a. að hag heimilanna; löngum vinnutíma foreldra; ráðgjöf til foreldra um foreldrahæfni; börn-um innflytjenda; vörnum gegn kyn-ferðisofbeldi; stórauðinni aðstoð vegna vímuefnaneyslu eða hegð-unarröskunum og markvissum aðgerðum gegn barnafátækt. Þau atriði sem ég hef hér nefnt bera merki þess, sem við viljum að einkenni næstu ríkisstjórn en það er umhyggja fyrir elstu og yngs-tu kynslóðinni. Við erum fámenn þjóð og við eigum að deila kjörum hvert með öðru - enginn má verða útundan. Því leggjum við einnig áherslu á jöfn tækifæri og aukinn jöfnuð. Það er inntak jafnaðarstefn-unnar sem Samfylkingin er fulltrúi fyrir í íslenskum stjórnámum.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, for-maður Samfylkingarinnar og leiðir lista flokksins í Reykjavík suður.

Ábyrgð einstaklinga og velferðarmál

Án þess að gera lítið úr öðrum málaflokkum þá tel ég að velferðar-málin sé sá málaflokkur sem kosið verði einna helst um í vor. Velferð-armál hafa löngum verið ofar á mál-efnaskrámi miðju- og vinstriflokk-anna fremur en stefnuskrám flokka sem skilgreina sig til hægri. Ég hef þá skoðun að undanfarin ár hafi orðið breytingar á því og er það staðfest ef lítið er til umbóta sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur beitt sér fyrir þann tíma sem hann hefur verið í ríkisstjórn. En af nógu er að taka. Velferðarmál er hugtak sem nær yfir gríðarlega breitt svið eða allt það sem varðar velfarnað; að sjá hag þegnanna borgið og vernda þá gegn áföllum t.d. með trygging-um. Yfir þessum málaflokki þarf stöðuga vakt í svo hröðu, hávis-indalegu þjóðfélagi eins og okkar. Til að hægt sé að byggja upp rök-rétt og sanngjarnt velferðarkerfi skiptir miklu að bótakerfið sé þan-nig úr garði gert að fólk festist ekki í því. Mikilvægt er að það feli í sér innbyggjt hvatningarkerfi til að hvetja bótapega sem það geta til að afla sér sem fyrst aftur tekna á vinnumarkaði.

Með ólíkt veganesti

Að vilja hlúa að velferðarmál-um felur ekki í sér það markmið að allir eigi eða muni verða jafnir. Slik hugmynd er óraunhæf í öllum samfélögum. Einstaklingar koma í

heiminn undir misjöfnum kringum-stæðum og fara út í lífið með ólíkt veganesti. Gott velferðarkerfi hefur það hins vegar að meginmarkmiði að lyfta undir bagga með þeim einstaklingum sem af einhverri ástæðu geta ekki séð sér og sínum farborða. Þessu fólki er samfélag-inu skylt að hjálpa þannig að eng-in þurfi að líða skort á grundvall-arnauðsynjum á borð við öruggt húsaskjól, fæði og klæði. Einnig ber okkur að tryggja að allir hafi aðgang að heilbrigðisþjónustu og jafna möguleika til að afla sér ekki einungis grunnmenntunar heldur einnig framhalds- og háskólamennt-unar. Næg atvinna eins og Ísland-ingar hafa undanfarin ár gengið að sem vísri er einnig eðlileg krafa þegna landsins.

Andleg firring og afneitun

Þess ber að gæta að enda þótt okkur lánist að reka gott og aðgengilegt velferðarkerfi má það aldrei vera þannig úr garði gert að það fríi einstaklinginn sjálfsábyrgð eða vilja og getu til sjálfshjálpar. Á öllum tímum finnst einstakling-ar sem þrátt fyrir að hafa fengið félags- og fjárhagslega aðstoð til að koma undir sig fótunum finna þeir sig fljótt aftur líða skort á nauð-synjarvörum. Ástæður geta verið andleg firring og afneitun á ákveðn-um raunveruleika eða erfiðleikar með að hugsa og skipuleggja fram í tímann. Þessir sömu einstaklingar gætu einnig haft óraunhæfar kröf-



Kolbrún Baldursdóttir.

Hjálp til sjálfs-hjálpar

Sá sem aflar ekki nógu mikilla tekna til að standa straum af kostn-aði á nauðsynjum vegna þess að hann á við veikindi að stríða þarfn-ast samfélagsaðstoðar og þá ekki einungis fjárhagsaðstoðar heldur einnig aðstoðar frá heilbrigðiskerf-inu. Þessum hópi vill Sjálfstæð-isflokkurinn veita nauðsynlega aðstoð til að flestir þeirra geti kom-ið undir sig fótunum að nýju. Með því að hjálpa fólki til að hjálpa sér sjálft eru líkur á auknu sjálfsstrausti sem síðan leiðir til sjálfsábyrgðar á eigin velferð. Sú aðstoð sem hér skilar sér hvað best er t.d. að tryg-gja fjölbreytta og aðgengilega heil-brigðisþjónustu, tryggja aðgang að ráðgjöf þar sem lausnamiðuð nálg-un er lögð til grundvallar og fræða fjölskyldur hvernig hægt er að reka heimili með „hagnaði”.

Kolbrún Baldursdóttir, sálfræð-ingur og frambjóðandi Sjálfstæðis-flokksins í Reykjavík suður.



Quiznos SUB

fjölskyldu-matsölustaður

Nýbýlavegi 32

Rennibraut

og

Bottaland



Ísskápa- og frystikistuviðgerðir og ýmsar smáviðgerðir í heimahúsum

Sími: 899 8782



Sundfélagið Ægir 80 ára



Sundmennirnir Anton Sveinn McKee, Siggí Dan, Oddur Goði Jóhannsson, Marta Rós Ormsdóttir og Anna Dís Arnarsdóttir fengu öll viðurkenningar í flokki 13-14 ára á uppskeru - og afmælihátíð Sundfélagsins Ægis 1. maí sl.

Ungir sem aldnir Ægiringar komu saman og fögnuðu 80 ára afmæli félagsins þann 1. maí síðast liðinn ásamt vinum og velunnurum. Sundfélagið hefur vaxið og dafnað síðastliðin ár ekki síst fyrir tilstilli formannsins Gústafs Adolfs Hjaltasonar og óbilandi

áhuga hans á uppbyggjandi félagsstarfi og á sundíþróttinni. Þetta óeigingjarna starf Gústafs hefur bæði gagnast Ægiringum og einnig öðrum sunddeildum Reykjavíkurborgar en Gústaf hefur unnið mjög gott starf innan sundhreyfingarinnar og ýtt undir samvinnu

í stað samkeppni þó vissulega sé keppni góð í sundlauginni því engir eru sigurvegarar ef ekki væru mótherjar. Á afmælinu var sundmönnum veittar viðurkenningar m.a. aldursflokksmeisturum ársins 2006, en viðurkenningarnar eru veittar í öllum aldursflokkum.

Á leið í efnisverkfræði í haust

Sigmundur Kornelíusson er 24 ára og útskrifast nú í vor sem stúdent af náttúrufræðibraut FB. Árangur hans í efstu áföngum í stærðfræði og eðlisfræði hefur verið framúrskarandi, enda telur hann að sá undirbúningur sem hann hefur fengið eigi eftir að duga honum vel í háskólanámi. Sigmundur sótti um inngöngu í marga af fremstu háskólum Englands og fór í kynnisferðir í skólana s.l. haust. Eftir þá heimsókn gat hann valið á milli margra skóla en fyrir valinu varð háskólinn í Sheffield. Þar hyggst hann hefja nám í efnisverkfræði (Materials Engineering) í haust.

Sigmundur hóf nám í FB fyrir tæpum tveimur árum og var þá búinn að ljúka fyrri hluta náms til stúdentsprófs í bekkjarkerfi. Hvernig hefur honum gengið að nýta sér áfangakerfið?

„Ég sá að ég gat tekið mjög mikla stærðfræði og eðlisfræði, meira en í öðrum skólum sem ég skoðaði. Kerfið býður upp á svo marga möguleika. Svo er það undir nemendum komið hvað þeir



Sigmundur Kornelíusson.

nýta sér.“ Eins og Sigmundur segir gefur áfangakerfið nemendum möguleika á að skipuleggja val sitt. Kjarninn á náttúrufræðibraut er fimmtán einingar í stærðfræði og þrjár í eðlisfræði. En hve miklu máli skiptir að bæta við sig stærðfræði og raungreinaáföngum fyrir háskólanám? „Það skiptir öllu máli ef þú ætl-

ar í raunvísindi eða verkfræði. Flestir nemendur kvarta yfir fyrsta árinu í háskóla og telja sig ekki fá næga leiðsögn. Það er hægt að fyrirbyggja með því að taka alla efstu áfangana í fjölbrautakerfinu, þá ertu komin í efni á háskólastigi. Ég er raunverulega búinn að kynna efni á fyrsta ári í háskóla en samt í mun afslappaðra umhverfi.“

En hvaða ráð gefur Sigmundur þeim sem hyggja á háskólanám? „Efstu áfangar í stærðfræði nýtast mjög vel fyrir háskólanám. Allt of fáir nýta sér þessa möguleika og það er fyrst þá sem nemendur fara að nýta grunninn sem búið er að byggja upp í kjarnanum. Kennslan er mjög metnaðarfull hér í FB og ég er mjög ánægður með það sem ég hef fengið út úr þessum áföngum. Í eðlisfræðinni hef ég tekið alla áfanga frá 103 upp í 503. Ef ég ætti að nefna einn áfanga sem nýtist mönnum virkilega vel þá er það eðlisfræði 303 þar sem áherslan er á rafmagnsfræði,” segir Sigmundur að lokum.



Eyleifur Jóhannesson (t.h.) yfirþjálfari Ægir hefur stutt vel við Ægiringa og er hér ásamt nokkrum sundmönnum sem tóku þátt í verkefnum hjá SSL á sl. ári þau eru; Jakob Jóhann Sveinsson, Jóhanna Gerða Gústafsdóttir og Olga Sigurðardóttir.

Alþjóðaleikar unglinga í Reykjavík

Í apríl var tilkynnt val á sundmönnum til þátttöku í Alþjóðaleikum unglinga. Leikarnir hafa verið haldnir um víða veröld í 37 ár.

Leikarnir eru keppni í hinum ýmsu íþróttagreinum fyrir ungmennti á aldrinum 12 til 15 ára. Samtökin sem standa að þessum leikjum eru viðurkennd af Alþjóða Ólympíunefndinni síðan 1991. ÍBR hefur með stuðningi frá ÍTR sent þátttakendur á Alþjóðaleikana frá árinu 2001.

Í ár verða Alþjóðaleikarnir haldnir í Reykjavík. Keppt verður í badminton, frjálsum íþróttum, golfi, handknattleik, judo, knattspyrnu og sundi. Sannkölluð íþróttahátíð verður því í Laugardalnum 20. til

25. júní næstkomandi. Heimasíða mótsins með nánari upplýsingum er: <http://icgreykjavik.is> Sundmenn fæddir 1992 og 1993 úr Reykjavík sem voru valdar til þátttöku eru: Marta Rós Ormsdóttir Ægi, Karen Sif Vilhjámsdóttir Ægi, Arna Margrét Ægisdóttir KR, Anna Dís Arnardóttir Ægi, Sif Pétursdóttir KR, Hrefna Leifsdóttir KR, Marianna Kristjánsdóttir Fjölni, Karen Jóhannsdóttir Ægi, Gunnar Ólafsson KR, Anton Sveinn McKee Ægi, Siggí Dan Kristjánsson Ægi, Kristján Jesus Potenciano Ægi, Sindri Sævarsson Fjölni, Tryggvi Gylfason KR, Strahinja Djuric Ármanni og Gísli Þór Þórðarson Fjölni. Þjálfari verður Ólafur Þór Gunnlaugsson frá Fjölni.

SMUR- & DEKKJAFJÓNUSTA BREIÐHOLTS

JAFNASÉLI 6 • EFRA BREIÐHOLTI (FYRIR NEÐAN SKÍÐABREKKUNA)

Ný og sóluð dekk á góðu verði

Höfum einnig opnað bifreiðaverkstæði.

Allar almennar viðgerðir, stórar og smáar.

Fljót og góð þjónusta.

Sími 587 4700
Fax 587 4712

Hér er ég!

Mjódd

Smiðjuvegi

Nóatúni 17

Apótekarinn
-lyf á lægra verði!

Tilraun í Breiðholtinu

Í Breiðholtinu búa um 21.000 íbúar. Það eru fleiri en búa á öllu Eyjafjarðarsvæðinu og um þrefaldur íbúafjöldi Vestfjarða. Þessi staðreynd er hins vegar ekki mjög sýnileg þegar kemur að landsmálapólitíkinni.

Í Breiðholtinu eru tvær félagsmiðstöðvar, tvö hjúkrunarheimili og tvær heilsugæslustöðvar. Ég vil taka undir þær hugmyndir sem hafa verið settar fram af starfshópi í Breiðholtinu um bætta nærþjónustu við aldraða.

Við eigum að færa þjónustu við eldri borgara á eina hendi en nú skiptist hún á milli ríkis og sveitarfélaga. Þessi sameining hefur átt sér stað á Akureyri og Höfn í Hornafirði, og hefur reynslan af þessu fyrirkomulagi verið mjög góð. Ég vil því varpa fram þeirri hugmynd hvort ekki sé hægt að gera sömu tilraun með Breiðholt-ið. Það er að segja að færa alla þessa þjónustu á forræði borgarinnar. Það væri e.t.v. hentugt að byrja hér í Breiðholtinu með þessa tilraun á höfuðborgarsvæðinu.

Eitt stærsta málefni Breiðholts og í raun allra landsmanna eru málefni eldri borgara. Þörfin eftir hjúkrunarrýmum er hvergi eins mikil og einmitt í Reykjavík. Nú eru um 400 eldri borgarar í brýnni þörf eftir hjúkrunarrýmum og þriðji hver eldri borgari lifir undir fátæktarmörkum. Þetta þarf að laga.

Styrkja þarf Fjölbrautaskólann en reyndar býr allt framhaldsskólastigið við mikið fjársveldi hjá ríkisstjórninni. Þegar kemur að

opinberum útgjöldum í framhaldsskólana er Ísland í 16. sæti af 30 OECD þjóðum.

Grunnskólinn þarf sömuleiðis athygli okkar og þá sérstaklega hinn vaxandi fjöldi barna af erlendum uppruna. Hér þarf fagmennska að vera í fyrirrúmi. Munum að helmingi fleiri fátæk börn eru á Íslandi hlutfallslega en eru á hinum Norðurlöndunum.

Almenningssamgöngur og göngustígar þurfa einnig að taka betur mið af þörfum íbúa Breiðholts og tryggja þarf góðar samgöngutengingar við Breiðholtíð t.d. ef ráðist verður í Óskjuhlíðargöng.

Að lokum vil ég nefna aukna grenndargæslu í hverfinu sem þarf að vera sýnileg og öflug. Umferðaröryggi og öryggi borgaranna þarf að vera í forgrunni og eins stórt hverfi og Breiðholt er þarf sérstaka athygli stjórnvalda.

Það er því af nógu að taka og því þurfum við nýja ríkisstjórn sem setur hagsmuni almennings í öndvegi og eykur velferð allra þegna, hvar sem þeir búa.

Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður Samfylkingarinnar og þingmaður í Reykjavík suður.



Ágúst Ólafur Ágústsson.

Þú getur breytt sögunni

Nú er í fyrsta sinn í sögunni tækifæri fyrir Íslendinga að fá konu sem forsætisráðherra. Hingað til hafa karlar einokað þessa æðstu valda-stöðu í lýðræðissamfélagi okkar.

Þessi kona er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar. Ingibjörg Sólrún er afburða stjórnmálamaður bæði í framgöngu og málf lutningi. Hún er jafnaðarmaður að hugsjón og lætur sig varða velferð og réttlæti í samfélaginu.

Mikið gætum við íslenskar konur verið stoltar af henni sem forsætisráðherra. Það er í valdi kjósenda að gera kosningarnar í vor sögulegar og gera konu, - reynda konu, fyrrverandi borgarstjóra í Reykjavík - að fyrsta forsætisráðherra Íslands.

Konu sem hefur látið verkin tala þegar hún var í aðstöðu til að breyta einhverju, - við munum hvernig ástandið var í dagvistarmálunum áður en Ingibjörg Sólrún kom í ráðhúsið. Það var eins og ástandið er í hjúkrunarmálunum nú. Hún breytti stöðunni gagnvart barnafólkinu og hún mun leysa hjúkrunar- og biðlistavandann komist Samfylkingin til valda. Ekki má gleyma jafnréttismálunum og launamun kynjanna, sem hún náði miklum árangri í með



Ásta R. Jóhannesdóttir.

því að setja þau í forgang í borginni.

Til þess að stuðla að þeim sögulegu tíðindum að kona verði forsætisráðherra verður Samfylkingin að koma sterk út í kosningunum 12. maí. Atkvæði íbúa Breiðholtsins vega þungt því Ingibjörg Sólrún leiðir Samfylkinguna í kjördæmi þeirra, Reykjavík suður. Hugsíð ykkur hversu mikilvægt það er í jafnréttis- og kvennabaráttunni að ungt fólk fái slíka fyrirmynd, konu sem forsætisráðherra - frekar en að í forsætisráðuneytið setjist einn karlinn enn að loknum kosningum.

Kona í forsætisráðuneytinu hefði sambærileg áhrif og þegar Vigdís Finnbogadóttir var forseti. Það hafði ótrúlega mikil áhrif á stöðu kvenna og viðhorf landsmanna til þess að konur standi jafnfætis körlum í forystuhlutverkum.

Ásta R. Jóhannesdóttir alþingismaður og frambjóðandi Samfylkingarinnar í Reykjavíkurborg kjördæmi suður.

Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

511 1188 & 895 8298

Hagsmunamál Breiðhylltinga

Í síðustu viku tók ég þátt í umræðum sem Íbúasamtökin Betra Breiðholt stóðu fyrir í Breiðholtsskóla. Tilefni fundarins var að gefa fulltrúum stjórnmálaflokkanna tækifæri til þess að gera grein fyrir afstöðu sinni til helstu hagsmunamála Breiðhylltinga. Sem íbúa í Breiðholti til rúmlega tveggja áratuga kom það mér verulega á óvart hversu fátækleg svör kollega minna úr öðrum stjórnmálaflokkum voru um þau mál sem mestu skipta fyrir íbúa Breiðholtsins.

Samgöngumál - Stekkjarbakki

Okkur þingmönnum Reykjavíkur hefur gjarnan verið legið á hálsi að vera ekki nægilega frekir til fjárins þegar kemur að því að Alþingi deili út fjármunum til samgöngu- og vegamála. Er því haldið fram að vegafé renni frekar til landsbyggðarinnar en til höfuðborgarinnar. Af þessari ástæðu gripum við til aðgerða á Alþingi, ég, Guðlaugur Þór Þórðarson, Bjarni Benediktsson og Birgir Ármannsson, allt þingmenn Sjálfstæðisflokksins af yngri kantinum og lögðum áherslu á auknar fjárveitingar til Reykjavíkur. Þær aðgerðir og barátta skilaði árangri. Í nýsamþykktri samgönguáætlun er gert ráð fyrir verulegu fjármunum til samgöngumála í Reykjavík, meiri fjármunum en áður. Nú hyllir undir að hafnar verði framkvæmdir við Sundabraut og mislæg gatnamót á mótum Kringlumýrarbrautar og Miklubrautar.

Þeir sem til þekkja í Breiðholti vita að þar er nauðsynlegt að taka til hendinni í samgöngumálum. Augljósust er nauðsyn þess að breikka Stekkjarbakkaðrein til og frá Hóla hverfinu. Það er beinlínis óþolandi fyrir vegfarendur að þurfa að sitja fastir í umferðinni á þessari leið á álagstímum. Samkvæmt mínum upplýsingum mun þetta verkefni komið í útboð og framkvæmdir hefjast á næstunni.

Búsetuúrræði fyrir eldri borgara í Breiðholti

Um fátt annað er meira rætt í aðdraganda þessara kosninga en

málefni eldri borgara. Í blöðum birtast myndir af skælbrosandi frambjóðendum Samfylkingarinnar sem lofa því að byggja 400 hjúkrunarými á met tíma. Ekki veit ég hverjir trúa þessum loforðum. Á valdatíma þessara sömu frambjóðenda í Reykjavík frá 1994 til 2006 voru engar þjónustuíbúðir og félagsmiðstöðvar byggðar fyrir eldri borgara í Reykjavík. Breiðholtíð var þar engin undantekning. Breiðholtíð býður hins vegar að mínu upp á einstaka möguleika til uppbyggingar á búsetuúrræðum fyrir eldri borgara. Sem dæmi má nefna að lóðin austan Gerðubergs er tilvalið gósenland fyrir eldri borgara til íbúðar. Fullyrða má að fáir staðir innan Reykjavíkur gætu boðið eldri borgurum á jafn mikið návígi við heilsugæslustöð, félagsstarf í Gerðubergi, kirkjustarf í Fella- og Hólakirkju, aðgengi að sundlaug og náttúruna í Elliðaárdal. Það væri til sóma að búa öldruðum áhyggjulaust ævikvöld á slíkum stað, því þau gerast varla betri.

Það þarf að taka til í Breiðholti

Það dylst engum sem þekkir til og hefur búið í Breiðholti að það þarf að taka til í hverfinu. Því miður sýndu vinstrimenn í borgarstjórn lítinn áhuga á því að fegra umhverfi Breiðholtsins meðan þeir voru við völd. Göngustígarnir í hverfinu eru úr sér gengnir, skólalóðir, til dæmis við Breiðholtsskóla, hafa verið illa hirtar. Umhverfi íþróttasvæðis Leiknis þarf að rækta upp. Veggjakrot er allt of algengt og svo mætti

lengi telja. Við Breiðhylltingar eigum ekki að láta bjóða okkur slíkt aðgerðarleysi.

Nýi meirihluti borgarstjórnar undir forystu Sjálfstæðisflokksins hefur boðað aðgerðir.

„Tökum upp hanskann fyrir Reykjavík“ er metnaðarfullt verkefni sem hefur það að markmiði að hreinsa og fegra borgina. Það veitir ekki af því í Breiðholtinu. „Grænu skrefin“ eru dæmi um annað metnaðarfullt verkefni. Ég veit að núverandi meirihluti í borgarstjórn Reykjavíkur ætla sér að taka til hendinni í Breiðholti, enda tími til kominn.

Kjósum Sjálfstæðisflokkinn

Sem fæddur og uppalinn Breiðhylltingur ber ég miklar taugar til Breiðholtsins og vil berjast fyrir hagsmunum Breiðhylltinga á komandi kjörtímabili. Til þess að ég fái tækifæri til þess vonast ég til þess að Breiðhylltingar kjósi Sjálfstæðisflokkinn í komandi alþingiskosningum.

Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík.



Sigurður Kári Kristjánsson.

Breiðholtsblaðið
Auglýsingasími: 511 1188 & 895 8298

borgarblod.is

MOE'S BAR

- besta sætið við völinn

Jafnaseli 6
(við hliðina á Krónunni)

• Lifandi tónlist

• Alltaf tilboð á barnum

• Kaldur í krana á 500

• Kaldur í krana og skot á 700
(Tilboð gildir til kl. 23.00)

• Poolborð á staðnum

• Boltinn í beinni

Verið velkomin!

OPIÐ ALLA DAGA

mán - mið 18-24

fim 18-01

fös 17-03

laug 13-03

sun 13-23

Er um að opna grill

QUIZNOS SUB

**fjölskyldu-
matsölustaður**
Nýbýlavegi 32

Rennibraut



Íslenska undrið

„Íslenska undrið“ er nokkuð sem oft er haft á orði yfir þróun mála hér á landi á liðnum árum. Uppbyggingin hefur verið slík hér á landi að það þykir undrun sæta. Hvert sem lítið er í höfuðborginni okkar má sjá bygg-ingakrana, önnum kafna iðnaðar-menn og framkvæmdir af ýmsu tagi. Uppbyggingin er gríðarleg á öllum sviðum.

Þegar Framsóknarflokkurinn settist í ríkisstjórn árið 1995 var markvisst farið í að efla hér atvinnuuppbyggingu og nýsköpun, enda lofaði flokkurinn 12 þúsund nýjum störfum á kjörtímabilinu sem í hönd fór. Það loforð var efnt og gott betur. Í því kristallast sú áhersla framsóknarmanna að undirstaða velferðar og samhjálp-ar er öflugt atvinnulíf og kröftug nýsköpun.

Stóraukin fjárfesting í velferð og menntun

Árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Á þessum tíma hefur staða ríkissjóðs tekið stakkaskiptum, skuldir ríkisins eru óverulegar og efnahagur traustari en áður í sögu lýðveldisins. Horfur eru á að kaupmáttur hafi aukist um u.þ.b. 75% frá 1994-2007. Að auki hefur orðið veruleg raunaukning fjármagns til velferðarmála.

Framlög ríkisins til heilbrigðis-mála voru til að mynda áætluð ríflega 80 milljarðar á árinu 2006 og höfðu þá aukist að raungildi um 27,5 milljarða frá árinu 1998 eða um 49%.

Framlög ríkisins til almanna-trygginga og velferðarmála voru áætluð 73,4 milljarðar króna í fjárlögum 2006 og jukust að raungildi um 23 milljarða króna frá árinu 1998 eða um 45%.

Framlög ríkisins til fræðslu-mála voru áætluð 33,1 milljarð-ur í fjárlögum 2006 og jukust að raungildi um 12,3 milljarða frá árinu 1998 eða um 59%.

Framlög ríkisins til háskóla-stigsins voru áætluð um 16,7 milljarðar í fjárlögum 2006 og jukust að raungildi um 7,4 milljarða króna frá árinu 1998 eða um 80% að raungildi. Er þá ótalinn nýr samningur við Háskóla Íslands sem undirritaður var í janúar sl. og fól í sér stórauknar fjárveitingar til skólans og ekki eru hér taldir þeir milljarðar til fræðslumála á háskólastigi sem koma fram í heilbrigðisútgjöldunum vegna kennslupáttar Landspítalans og ættu í raun að teljast með fram-lögum til kennslu og menntunar.

Árangur áfram

Styrk stjórn efnahagsmála hefur því ekki aðeins leitt af sér lengsta samfellda vaxtarskeið kaup-máttar og hagvaxtar í Íslandssög-unni, heldur hefur á sama tíma verið byggt upp enn öflugra velferðarkerfi. Með áframhaldandi uppbyggingu öflugs atvinnulífs og árangri áfram er unnt að gera enn betur í þeirri samhjálp sem við viljum geta boðið fólki um land allt.

Það svigrúm sem við það skap-

ast viljum við fram-s ó k n a r -menn m.a. nýta til að hækka skatt-leysismörk í 100 þús-und krónur, fella niður s t i m p i l -gjöld, breyta fjölbýlum á dvalar- og hjúkrunar-heimilum í einbýli, hækka frítekjumark á atvinnutekjur lífeyrisþega og setja frítekjumark á lífeyris-sjóðsgreiðslur, auka fjármagn og mannafla lögreglu, setja nýja jafnréttislöggjöf, lengja fæðingarorlof í 12 mánuði og koma á gjaldfrjáls-um leikskóla í samvinnu við sveit-arfélögin, koma á ókeypis tann-vernd til 18 ára aldurs og auka niðurgreiðslur á tannviðgerðum og breyta þriðjungi námslána í styrk ef námi lýkur á tilskildum tíma.

Einhverjum kann að þykja sem við framsóknarmenn setjum markið hátt. Við teljum mikilvægt að áfram sé unnið að framförum af framsýni og krafti en um leið staðfestu og stöðugleika. Við viljum árangur áfram - ekkert stopp.

Sæunn Stefánsdóttir, alþingis- maður sem skipar 2. sæti á lista Framsóknarflokksins í Reykjavík-urkjördæmi suður.



Sæunn Stefánsdóttir.

Stefna Sjálfstæðisflokksins skilar árangri

Stundum er haft á orði að við séum fjarsýn á samtímann. Að okkur reynist erfitt að skynja og skilja mikilvægi róttækra breyt-inga á meðan þær standa yfir. Að við þurfum í rauninni alltaf svolítinn tíma til að bera hið nýja ástand saman við hið gamla, átta okkur á mikilvægi breytinganna og gera okkur grein fyrir því að þær eru af þeim toga sem við köllum framfarir.

Frelsi leiðir til framfara

Ég held að þetta eigi ekki síst við þegar róttækar breytingar felast í því að dregið er úr mið-stýringu og valdboði, en frelsi og fjölbreytni, valddreifing og ábyrgð einstaklinga, aukast að sama skapi. Afleiðingarnar af slíkri frels-isvæðingu koma mönnum oft í opna skjöldu vegna þess að við vitum aldrei nákvæmlega fyrir- fram hvernig einstaklingar muni nýta sér þetta aukna frelsi.Við get-um að visu sagt með vissu, - og við sjálfstæðismenn höfum verið örög að halda fram þeirri sann-færingu okkar, - að aukid frelsi einstaklinga, stórauki yfirleitt möguleika á framförum á flest-um sviðum. En við getum ekki spáð nákvæmlega fyrir um það, hvenær, eða hvernig, slíkt gerist. Ástæðan er auðvitað sú, að hinar margvíslegu ákvarðanir sem ráða úrslitum um það hvort framfarir eigi sér stað eða ekki, hafa verið færðar frá örfáum valdhöfum til mikils fjölda einstaklinga. Við slík-ar aðstæður hefur enginn einn einstaklingur lengur yfirsýn yfir það hvaða ákvarðanir allir hinir koma til með að taka, né hvenær þær verði teknar, né heldur hver nákvæmlega heildaráhrifin koma til með að verða

Framfarir sl sextán ár

Á sl. sextán árum hafa orðið ótrúlegar breytingar á íslensku samfélagi. Við getum nánast

haldið því fram að við lifum í allt öðru samfélagi, við gjörbreyttar aðstæður og margfalda mögu-leika á flestum sviðum. Og það sem meira er. Þessar breytingar eru í flestum tilfellum augljósar framfarir sem ekki sér fyrir end-an á. Ástæðan fyrir þessum fram-förum er sú að stefna Sjálfstæðis-flokksins hefur verið höfð að leið-arljósi við æðstu stjórn landsins: Sú stefna sem kveður á um frelsi, val, valddreifingu og ábyrgð ein-staklingsins.

Bankar og menntakerfi

Ef við lítum aðeins nánar á tvo mikilvæga þætti íslensks samfé-lags í dag, einkavæðingu bank-anna, annars vegar, og mennta-kerfið, hins vegar, þá ætti enginn að þurfa að velkjast í vafa um það að breytingarnar hafa verið ótrúlegar á örfáum árum. En ég held einnig að það sem ég sagði hér í upphafi um skilning okkar á róttækum breytingum, eigi vel við um breytingarnar á þessum sviðum.

Við vitum öll að vöxtur og við-gangur íslensku bankanna er með ólíkindum og að allt þeirra starfsumhverfi hefur gjörbreysts.

Einnig er ljóst að gróskan í íslensku menntakerfi hefur aldrei verið meiri. Bylting hefur orðið í háskólamenntun og háskóla-rannsóknum hér á landi, háskól-um hefur fjölgað mjög á örfáum árum, sem og prófgráðum og fjöl-di íslenskra háskólanema hefur tvöfaldast á u.þ.b. áratug. Fram-haldsskólar bera sig nú saman hver við annan og prófa á einu misseri nýjungar sem ekki sáu dagsins ljós á heilum áratug hér á árum áður.

Þá hefur verið samþykkt nýtt lagaumhverfi fyrir grunnskólann sem gerir ráð fyrir sjálfstæðum, fjölbreyttum og ólíkum skólum, mismunandi rekstrarformum, sjálfstæðum og ábyrgum skóla-

stjórum, a u k n u sjálfstæði k e n n a r a og frjálsri námsgagna-útgáfu.

Að finna til í stormum sinnar tíðar

Allt þetta vitum við um bankakerfið og skólakerfið, enda fáum við nýjar og spennandi fréttir af hvoru tveggja í hverri viku a.m.k. En samt sem áður held ég að mikið vanti uppá að við gerum okkur fulla grein fyrir mikilvægi þess-arra breytinga, enda sér ekki fyr-ir endan á þeim, hvað þá afleið-inga þeirra. Við eigum m.ö.o. erfitt með að átta okkur á svo róttækum breytingum á meðan þær ganga yfir.

Þeim stjórnmalamönnum er þó sérstaklega vorkunn í þessum efnum sem vanmeta einstaklings-frelsið eða eru jafnvel andvígir því. Eðli málsins samkvæmt, skilja þeir ekki í hverju framfarir eru fólgnar. Þeir skilja ekki hvers vegna framfarir eru mörgum sinnum líklegri í kerfum þar sem frelsi og ábyrgð einstaklinga eru í hávegum höfð, heldur en í kerf-um þar sem miðstýring og vald-boð ráða ríkjum. Það er því ekki von að þeir kunni að meta það sem vel hefur verið gert í þess-um efnum á sl. sextán árum, né heldur líklegt að þeir haldi áfram á framfarabraut, nái þeir völdum.

Ragnhildur Guðjónsdóttir kenn-ari, og skipar 8. sæti á lista Sjálf-stæðisflokksins í Reykjavík suður.



Ragnhildur Guðjónsdóttir.

Verðtryggingin er fjöt-ur um fót almennings

Kannski muna einhverjir eftir því að lán sem tekin voru fyrir daga verðtryggingar brunnu upp í óða-verðbólgu. Það var ekki bara verð-bólgan ein sem olli, heldur fyrst og fremst sú staðreynd að vextir voru ekki frjálsir. Ríkið hélt vöxt-unum niðri á meðan verðbólgan geisaði. Þegar verðtryggingin var tekinn upp voru vextir hins vegar gefnir frjálsir þannig að fjármála-kerfið umpólaðist, þeir sem áður höfðu stöðugt tapað höfuðstólnum í óðaverðbólgunni þ.e. eigendur sparifjár og ýmsir sjóðir ríkisins fóru nú að græða, en þeir sem áður græddu á óðaverðbólgunni vegna þess að höfuðstóll lána nánast hvarf á örfáum árum fóru að greiða höfuðstól lána margfaldan til baka. Þessi skipan er enn á þrátt fyrir að Alþingi hafi selt ríkisbankana og bankar séu nú nær allir í eigu frjáls-ra félagasamtaka, aðeins lbúða-lánasjóður er eftir í eigu ríkisins, en um hann eiga að gilda alveg sömu reglur og um aðra lánastarfsemi.

Það er með öllu óeðlilegt að frjáls bankastarfsemi hafi heimildir frá hinu opinbera til að setja íþyngj-andi ákvæði um hækkun höfuðstóls láns vegna ófyrirséðra verðbreyt-inga á einhverju sem lánatakandi hefur ekkert með að gera.

Verkefnið er að afnema opinbera stýringar í fjármálheiminum eins og verðtryggingu og hámarks og lág-marksvexti. Reglur á fjármálamark-

aði þurfa að vera ein-faldar, gegn-sæjar og öll viðskipti fyr-irséð. Verð-tryggingin á útlánum íslenskra banka til Íslendinga er algjörlega á skjön við slíkar reglur.

Vaxtaokrið íslenskra banka, eins og það birtist byggist fyrst og fremst á einokun og samráði íslenskra lánastofnana og lélegu aðgengi Íslendinga að erlendum lánastofnunum sem bjóða lán með miklu lægri vöxtum. Til að laga þetta ástand þarf íslenska ríkið að veita Íslendingum aðgengi að erlendu lánastofnunum með laga-breytingum auk þess sem koma þarf böndum á samráð bankana, sem óhikað má fullyrða að sé brot á reglum um heiðarlega sam-keppni. Frjálslyndi flokkurinn vill verðtrygginguna burt. Með því að gefa Frjálslynda flokknum atkvæði í kosningunum 12. maí og fái flokk-urinn völdin mun verðtrygging á nýjum lánum verða bönnuð.

Kjartan Eggertsson í 2. sæti á lista Frjálslynda flokksins í Reykjavík-suður.



Kjartan Eggertsson.

Eigum sumarvörur fyrir þig

ÍR- og Leiknisvörur í úrvali

Barcelona-barnasett

treyjur - buxur - sokkar

kr. 6.990.- st. 2-10

KODAK-framköllun frá kr. 1070.-

Umboð fyrir Happraetti Háskóla Íslands SÍBS og DAS

Leiksport


Sími 5575020

Hólagarði

Endar númerið á bílnum þínum á 1 - 2 - 3 eða 4?

Ef svo er þá bjargar

Aðalskoðun málunum fyrir þig.



Aðalskoðun hf.

Bífreiðaskoðunin þín

Hjallahrauni 4 Hafnarfirði • Skemmuvegi 6 Kópavogur

Sóltúni 3 Reykjavík • S. 5906900



Sumarnámskeið hjá ÍR



“Fjörkálfar í frjálsum og fótbolta”

Hér læra börnin um hvað knattspyrna og frjálsar snúast og þau sem vita það nú þegar öðlast enn frekari tækni, úthald, styrkleika og liðleika. Þó aldursbilið sé stórt er börnunum skipt upp í minni hópa eftir bæði aldri og getu. Æfingasvæðið hefur batnað til muna frá því í fyrra, tekinn hefur verið í notkun nýr gervi-grasvöllur og hafa námskeiðshaldarar afnot af íþróttahúsi Seljaskóla á fyrstu tveimur námskeiðunum. Fyrsta námskeiðið er 11.-22. júní, annað námskeiðið 25. júní-6. júlí og þriðja og síðasta 9.-20. júlí. Allir hljóta viðurkenningar í lokin og grillveislu.

- Frá kl.9:00-12:30 (gæsla kl. 8-9) á ÍR svæðinu
- Fyrir krakka fædda 1994-2001
- 2 vikur kosta 8.000 kr.

Skráning á skrifstofu ÍR í síma 587-7080 eða tölvupóstfang: irafgr@simnet.is

“Íþrótt- og leikjanámskeið”

Á þessu námskeiði verður sko í nógu að snúast, fjölbreytnin mikil líkt og í fyrra en þó með öðru sniði undir stjórn nýrra starfskrafta. ÍR er mjög vel staðsett, þegar horft er til náttúrufegurðar, skógarferða, hornsílaveiða, ratleikjaleiðangra, sundferða o.fl. o.fl.

- Frá kl. 9-16 (gæsla 8-9 og 16-17) á ÍR svæðinu
- Fyrir krakka fædda 1997-2001
- ½ dagur í heila viku kostar 2.900 kr. og allur dagurinn í heila viku kostar 5.800 kr.

Námskeið	Tímabil
Námskeið 1	11. - 15. júní
Námskeið 2	18. júní – 22. júní
Námskeið 3	25. – 29. júní
Námskeið 4	2. – 6. júlí
Námskeið 5	9. – 13. júlí
Námskeið 6	16. – 20. júlí
Námskeið 7	23. – 27. júlí

Skráning á skrifstofu ÍR í síma 587-7080 eða tölvupóstfang irafgr@simnet.is

“Körfuboltabúðir Keith Vassell”

Keith Vassell meistaraflokksleikmaður í körfu hjá ÍR, stóð að körfuboltabúðum í samvinnu við ÍR bæði í liðnu vetrarfrí og í páskafrí skólanna. Þessi námskeið voru vel skipulögð með topp leiðbeinendum og vinsældir þessara námskeiða er sprettan af svipuðu námskeiði í júní. Námskeiðin eru tvískipt, annars vegar fyrir 8-12 ára krakka og hins vegar fyrir 13-15 ára krakka. Strákar og stelpur eru jafnvelkomin.

Á morgnana er eftirfarandi æft.....og krakkar nú er mál að fara í orðabókina!

1. Shooting
2. Defence
3. Offensive moves
4. Dribbling

Eftir hádegi er mikið af leikjum og á föstudögum fara fram stjörnuleikir.

- Frá kl. 9-15 í Austurbergi
- Fyrir krakka fædda 1995-1999
- Fyrir unglinga fædda 1992-1994
- Hver dagur kostar 2.000 kr. nema keypt sé heil vika, þá 8.500 kr.

Námskeið	Tímabil
Námskeið 1	11. - 15. júní
Námskeið 2	18. júní – 22. júní

Skráning á heimasíðu www.ir-karfa.is eða hjá Keith í síma 868-6085

SVAMPBURSTAR BYLTINGARKENND NÝJUNG Í BÍLAÞVOTTI Á ÍSLANDI

LÖÐUR KYNNIR FRÁBÆRA ÞJÓNUSTU Í NÝRRI KYNSLÓÐ BÍLAÞVOTTASTÖÐVA.

- Betri meðferð á bílnum með mjúkum og fleyglaga burstaendum.
- Bónið endist lengur og bíllinn verður áberandi hreinn og glansandi með úrvals hreinsiefnum og sápum.
- Alvöru bílaþvottastöð sem ræður við flestar stærðir bíla.
- Nánast engin bið eftir þvotti, afkastagetan er allt upp í 60 bílar á klukkustund sem er mun meira en hjá hefðbundnum stöðvum.

Opið virka daga kl. 8-19 og um helgar kl. 10-18

Fullkomnasta þvottastöðin á Íslandi
er í Bæjarlind 2, kjallara

Tökum bíla á
35x12,5 tommu
dekkjum

Gældu við bílinn með léttum
og mjúkum svampburstum
aaaahhhhhh!



miðstöð bílaunnenda
sími 544 4540 | www.lodur.is



KFR-Valkyrjur og ÍR-PLS Bikarmeistarar

Það var sannkölluð stórkota-hríð í Keiluhöllinni 30. apríl þegar að leikið var til úrslita í Bikarkeppni KLÍ í Keilu. ÍR-PLS og ÍR-KLS spiluðu til úrslita hjá körlum og ÍR-TT og KFR-Valkyrjur hjá konum.

KFR-Valkyrjur tryggðu sér titilinn með frábærri spilamennsku þegar þær settu Íslandsmet í einum, tveimur og þremur leikjum liða, og unnu þannig ÍR-TT 3-0. Spiluðu þær 922 í fyrsta leik, 1.749 í tveimur og 2.579 í þremur. Hjá körlunum áttu ÍR-PLS stórleik, en þeir sigurðu einnig 3-0 félagasína úr ÍR-KLS, en alls spiluðu þeir 2.738 gegn 2.356 hjá ÍR-KLS. Í öðrum leik lék hinn 19 ára gamli



Róbert Dan Sigurðsson sinn fyrsta 300 leik, og liðsfélagar hans vóu einnig á skotskónum og samtals spiluðu þeir 1.017 í þeim leik.



Fréttir
 Íþróttafélag Reykjavíkur
 Skógarseli 12 • Sími 587 7080
 Myndsími: 587 7081
 Tölvupóstur: iradal@isholf.is

Gamlir ÍR-munir óskast

Í sumar eða þann 10. júní ætlum við að opna gamla ÍR-heimilið sem stóð við Túngötuna. Það er staðsett á Árbæjarsafni þar sem verið er að reyna að koma því í sitt gamla form og gengur það vel.

Okkur langar að geta skreytt það með ýmsum áhöldum og öðru sem tengist íþróttagreinum ÍR frá upphafi. Ef þið lumið á ein-

hverjum gömlum munum, hvort sem það er fatnaður eða áhöld til íþróttaiðkunnar, væri gott ef þið gætuð lánað okkur eitthvað til að lifga uppá á safnið.

Það eina sem þið þurfið að gera er að hafa samband við Hörð hjá ÍR eða Guðbrand hjá Árbæjarsafni. Endilega kikið nú í geymslurnar ykkar og athugið hvort þið lumið á einhverju.

Úrslit í deildarbikar í Keilu

Úrslit í deildarbikar liða í keilu fóru fram í Keiluhöllinni Öskjuhlíð fimmtudagskvöldið 26. apríl sl. Liðin sem kepptu til úrslita voru ÍR-PLS og ÍR-A úr A-riðli, og KR-B og ÍR-KLS úr B-riðli.

ÍR-PLS unnu með 10 stig, enda settu leikmenn liðsins, þeir Steinþór Geirdal og Róbert Dan Sigurðsson, fjögur Íslandsmet þegar þeir spiluðu 567 í einum leik, 1038 í tveimur leikjum, 2367 í fimm leikjum og 2830 í sex leikjum. Í öðru sæti urðu ÍR-KLS með 8 stig, í því þriðja ÍR-A með 4, en KR-B ráku lestina með 2 stig.



Glitnismót 6. flokks karla

Foreldraráð 6. fl. karla sá um mót fyrir strákana í flokknum sínum sunnudaginn 22. apríl sl. Mót hjá þessum árgöngum er reyndar orðið að föstum lið. Með tilkomu gervigrasvallarins var hægt að halda þetta mót úti en undanfarin ár hefur þetta mót farið fram innan dýra.

Þetta var fjögurra liða mót en auk ÍR tóku FH, HK og Víkingar þátt. Veðrið var eins og best verður á kosið á þessum árstíma og var það kannski eitt af því sem spilaði stóran þátt í að vel til tókst. Allir fóru heim á leið með gleði í hjarta eftir frábært mót en þess má geta að það er orð-

ið eftirsóknarvert að taka þátt í þessu móti þar sem þátttökugjald er haldið í algjöru lágmarki. Við skorum hér með á aðra flokka félagsins að gera slíkt hið sama því ekkert er skemmtilegra fyrir krakkana okkar en að spila á sínum heimavelli.

Drottningamótið er meiriháttar

Meistaraflokksráð kvenna og stuðningsmannahópur flokksins stóð fyrir nýju knattspyrnumóti, svokölluðu “Drottningarmóti” laugardaginn 21. apríl. Mótið er ætlað knattspyrnuskvísium 25 ára og eldri sem ekki eru að keppa með meistaraflokkum.

Sýnt sig hefur að full þörf er á svona móti því mörg kvennalið æfa án þess að nokkur keppni sé fyrir þær. Eina keppnin hingað til er þátttaka í Pollamótinu fyrir norðan fyrstu helgina í júlí. Það hefur því vantað mót sem þetta. Margir hópar eru að hittast reglulega yfir veturinn til að spila svo þetta mót var kærkomin tilbreyting fyrir liðin. Sex lið tóku þátt en mörg önnur höfðu samband en náðu ekki nægjanlegum fjölda til að taka þátt en þær stúlkur koma væntanlega til leiks á ári. Það var áberandi hvað konurnar höfðu gaman af og skemmtu sér hið besta, sumar þeirra voru tiltölu-

lega ný byrjaðar að æfa fótbolta en aðrar hafa æft saman í mörg ár og má nefna eina sem hætti í landsliðinu síðastliðið haust.

Mótshaldarar voru hreint til fyrirmyndar og gat umgjörð mótsins vart verið glæsilegri. Á milli leikja gátu leikmenn farið inn og fengið sér orkudrykk. Veitt voru verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin og bikar fyrir það fyrsta, drottning mótsins valin, sú sem mest var hvetjandi á vellinum, og hún krýnd kórónu. Einnig var einstaklingi úr öllum liðum veit verðlaun sem dregið var um, en þar voru aðalverðlaun veglegt gasgrill frá OLÍ. Meðan verðlaun voru veitt var boðið upp á léttar veitingar til að lina preytta vöðva. Síðar um kvöldið var svo boðið til samkomu í ÍR heimilinu sem var vel sótt og kátina í hávegum höfð. Allt þetta var liðunum að kostnaðarlausu. Það er engin spurning að mótið er komið til að vera.

Víðavangshlaup ÍR á sumardaginn fyrsta

Áralöng hefð er fyrir því að ÍR haldi víðavangshlaup á Sumardaginn fyrsta og var hlaupið í ár það 92. í röðinni. Margt var um manninn en fjöldi keppenda var mjög svipaður og fyrir ári. Almennir hefur þó þátttaka almennings í götuhlaupum stórukist en sífellt fleiri stunda skokk og hlaup sér til heilsubótar.

Mikill undirbúningur fylgir slíku hlaupi og komu um 50 unglingar, foreldrar og aðrir velunrar ÍR að undirbúningnum allt frá hlaupstjórn og móttöku hlauparanna til verðlauna afhendingar og veitingaþjónustu. Ljóst er að hlaupið er orðinn fastur punktur í hátíðahöldum Sumardagsins fyrsta í miðbæ Reykjavíkur. Engir ÍR-ingar

skipuðu sér í fyrstu sætin í hlaupinu í þetta sinn þeir Ólafur Konráð Albertsson og Birkir Marteinson skipuðu sér þó í 7. og 9. sæti. Óli Konni sigraði í flokki 17 til 18 ára sem telst mjög góður árangur þar sem mjög sterkir hlauparar keppa í þessum flokki. Þeir Vignir Már Lýðsson og Snorri Sigurðarson urðu í 3. og 4. sæti í flokknum og Adam Þór Þorgeirsson í því 8.

Þeir Gunnar Ingi Harðarson, Viktor Snær Rúnarsson og Daníel Þór Rúnarsson urðu í 2., 3. og 4. sæti í strákaflokki, flott frammi-staða það. ÍR átti síðan 1., 3. og 4. mann í flokki 40-49 það voru þeir

Sveinn Ernstson, Guðmann Elísón og Agnar Steinarsson. Ketill Arnar Hannesson sigraði í flokki 70 ára og eldri.

Í stelpnaflokki var þrefaldur ÍR-sigur þegar þær Aníta Hinriksdóttir, Kristín Lív Jónsdóttir og Kristín Káradóttir röðuðu sér í fyrstu 3. sætin, frábært hjá stelpunum. Í flokki 13-15 ára voru 5 ÍR-ingar í topp 7 en það voru þær Björg Gunnarsdóttir sem varð 2. Ína Björk Helgadóttir sem varð 3. og Sigríður Rósa Örnólfsdóttir, Margrét Þóra Einarsdóttir og Jóhanna Kristín Jóhannesdóttir.

Tiltektardagur við Skógarsel

ÍR-ingar ætla að gera umhverfi sitt betra en það er í dag og ætla því að taka höndum saman á við tiltekt á svæði ÍR við Skógarsel undir kjörorðinu að margar hendur vinna létt verk.

Tiltektin fer fram laugardaginn 2. júní og hefst kl.10:00 um morguninn. Sandur, möl, torf, ruslatínur, plastpokar og eitt-hvað af verkfærum verða á staðnum en fólk er engu að síður hvatt til að grípa með sér eitt og eitt almennt garðverkfæri og hjólbörur. Í hádeginu verður boðið upp á grillaðar pylsur

og drykki. Í fréttatilkynningu frá ÍR segir að hver muni ekki eftir verkefni borgarstjóra um að taka upp hanskan fyrir Reykjavík og það verkefni verið hafið í Breiðholti og lögð áhersla á að virkja almenning og fyrirtæki til að taka þátt. Í fréttatilkynningunni segir að almennt vilja borgarbúar halda hverfi sínu hreinu og snyrtilegu. Tekið er fram að kátir og duglegir krakkar fái blöðrur með sér heim og skorad er á ÍR-inga að fjölmenna og sýna samstöðu á góðum degi á 100 ára afmælisári ÍR. Hverjum liði ekki vel eftir góðverk.

Íþróttaskóli ÍR í keilu

Íþróttaskóli ÍR, sem er starfræktur í grunnskólum Breiðholts; Ölduselsskóla, Seljaskóla, Breiðholtsskóla, Fella-skóla og Hólabrekkuskóla, stendur yngstu bekkjardeild grunnskólanna til boða. Tvisvar á vetri er farið með börnin í eftirminnilegar ferðir.

Fyrir í vetur var farið á skauta en nú í apríl var farið með krakkana í keilu í Keiluhöllina í Öskjuhlíð. Einn hópur fór í einu, börnunum skipt upp, fjórum til sex á hverja keilubraut og spilaður var einn leikur. Krökkunum þótti óskaplega gaman og voru vart að trúa því að þau væru að fara í “alvöru” keilu þar sem sum þeirra höfðu æft keilu í íþróttasal áður en í ferðina var haldið. Battar voru settir upp við brautirnar, léttar keilur til notkunar og stuðningsgrind var til taks. Undraverður stigafjöldi náðist



eða yfir 100 stig í nokkrum tilfellum. Einmuna veðurbliða gerði svo nestisbitann úti undir húsvegg að heimsókn lokinni enn betri. Í lok maí verður þessum börnum svo boðið í heimsókn á ÍR svæðið þar sem skipulagðir leikir verða fyrir þau, heilsubiti og ÍR-blöðrur til að taka með sér heim.



GETRAUNANÚMER
ÍR
ER
109

Pitt atkvæði tryggir:



- ✕ Áframhaldandi uppbyggingu kröftugs og samkeppnisfærs atvinnulífs.
- ✕ Ókeypis tannvernd til 18 ára aldurs og auknar niðurgreiðslur á tannviðgerðum.
- ✕ Eingöngu einstaklingsrými á dvalar- og hjúkrunarheimilum.
Fjölbýlum verði breytt í einbýli.
- ✕ Skattleysismörk í 100 þúsund krónur.
- ✕ 12 mánaða fæðingarorlof og gjaldfrjáls leikskóli í samvinnu við sveitarfélögin.
- ✕ Stimpilgjöld verði felld brott.
- ✕ Þjóðvegir út frá höfuðborginni tvöfaldaðir, Sundabraut og mislæg gatnamót í þéttbýli.
- ✕ Hækkun frítekjumarks á atvinnutekjur lífeyrisþega og frítekjumark sett á greiðslur úr lífeyrissjóðum.
- ✕ Að námslán mæti raunverulegri framfærsluþörf. Þriðjungur námslána breytist í styrk.
- ✕ Sátt með þjóðinni um nýtingu náttúruauðlinda.

Árangur áfram - ekkert stopp



framsokn.is